



Íbúar og eigendur sumarhúsa Hvammsvirkjun – landslag og ásýnd lands

Niðurstöður viðhorfskönnunar meðal íbúa og eigenda
sumarhúsa í Gnúpverjahreppi og Landsveit á ásýnd og
gildi lands

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2016-136

Dags: Október 2016

Fjöldi síðna: 42

Upplag: 30

Dreifing:

- Birt á vef LV
 Opin
 Takmörkuð til

Titill: Íbúar og eigendur sumarhúsa. Hvammsvirkjun - landslag og ásýnd. Niðurstöður viðhorfskönnunar meðal íbúa og eigenda sumarhúsa í Gnúpverjahreppi og Landsveit á ásýnd og gildi lands.

Höfundar/fyrirtæki: EFLA verkfræðistofa / Atli Guðjónsson, Birta Kristín Helgadóttir, Lára Kristín Þorvaldsdóttir, Ólafur Árnason, Sigrún María Kristinsdóttir

Verkefnisstjóri: Helgi Bjarnason

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Útdráttur: Sumarið 2016 var gerð viðhorfskönnun meðal íbúa og sumarhúsaeigenda í nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar, þar sem viðhorf þeirra til núverandi ásýndar og landslags var kannað, sem og viðhorf þeirra til fyrirhugaðrar virkjunar og áhrifa hennar á ásýnd og landslag. Endurskoðun hluta mats á umhverfisáhrifum virkjunarinnar stendur yfir, og er skýrsla þessi unnin sem hluti af þeirri vinnu. Fólk úr skilgreindu úrtaki var heimsótt og færð viðhorfskönnun og skýringamyndir, auk frímerkts umslags sem það var beðið um að nota til að senda útfyllta könnun tilbaka. Alls var 198 listum dreift og bárust 76 svör. Eftir að söfnun svara var lokið var unnið úr niðurstöðunum í Excel og ArcGIS. Unnið var úr rituðum svörum við hálfopnu spurningunum, sem og hugleiðingum og ábendingum þátttakenda, með þemagreiningu og litakóðun og voru þau svör ýmist sett inn í viðeigandi kafla eða tekin saman í sér kafla. Helstu niðurstöður eru teknar saman í þessari skýrslu.

Lykilorð: Íbúakönnun, viðhorfskönnun, Hvammsvirkjun, landslag, ásýnd, íbúar, eigendur

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

Íbúar og eigendur sumarhúsa. Hvammsvirkjun – landslag og ásjýnd.

Niðurstöður viðhorfskönnunar meðal íbúa og eigenda sumarhúsa í
Gnúpverjahreppi og Landsveit á ásjýnd og gildi lands.

SAMANTEKT

Endurskoðun hluta umhverfismats fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar stendur nú yfir. Hvammsvirkjun er hönnuð fyrir allt að 95 MWe og er efsti virkjunarkosturinn af þremur í neðri hluta Þjórsár. Fyrirhugað inntakslón Hvammsvirkjunar, Hagalón nær yfir 4,0 km² svæði í árfarvegi Þjórsár og er framkvæmdasvæði virkjunarinnar innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárpings ytra.

Skýrsla þessi hefur að geyma niðurstöður viðhorfskönnunar sem gerð var meðal íbúa og sumarhúsaeigenda sumarið 2016, þar sem viðhorf þeirra til núverandi ásýndar og landslags var kannað, sem og viðhorf þeirra til fyrirhugaðrar virkjunar og áhrifa hennar á ásýnd og landslag. Sú könnun, og skýrsla þessi, eru hluti þeirra gagna sem notuð eru fyrir mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar á umhverfispáttinn landslag og ásýnd lands.

Ákveðið var að leita eftir viðhorfi íbúa og eigenda sumarhúsa innan 5 km radíuss umhverfis fyrirhugað framkvæmdasvæði og fyrirhugaða brú yfir Þjórsá ofan við Búðafoss. Svæðið var ákveðið út frá því gera má ráð fyrir að virkjunarframkvæmdir verði sýnilegar í framtíðinni að innan 5 km radíuss og í meiri fjarlægð má gera ráð fyrir að áhrif verði hverfandi. Í flestum tilfellum er þess vegalengd þó styttri, einkum sökum landforma, hæðarmismunar o.þ.h. Innan svæðisins eru 109 sérbýlishús og 133 frístundahús. Auk þess var leitað eftir viðhorfi annarra íbúa svæðisins sem töldu sig málið varða, m.a. með auglýsingu í fréttabréfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Upplýsingaöflunin fólst í því að starfsfólk EFLU verkfræðstofu heimsótti fólk úr skilgreindu úrtaki og skildi eftir hjá þeim viðhorfskönnun og skýringamyndir, auk frímerkts umslags sem fólk gat notað til að senda útfyllta könnun til baka. Einnig voru listar skildir eftir hjá nágrönnum sem tóku þá sjálfir ábyrgð á því að koma listunum til skila. Leitað var til eins margra og unnt var innan ákveðins tímaramma og leitast eftir að hafa úrtak sem allra dreifðast innan þessa 5 km radíuss. Alls var 198 listum dreift. Lokað var fyrir móttöku svara þann 19. september 2016 og höfðu þá borist 76 svör.

Eftir að söfnun svara var lokið, var unnið úr niðurstöðunum í forritunum Excel og ArcGIS. Auk þess var unnið úr rituðum svörum við hálfopnu spurningunum, sem og hugleiðingum og ábendingum þátttakenda, með því að þemagreina þau og litakóða, og voru þau svör ýmist sett inn í viðeigandi kaflana eða tekin saman í sér kafla. Að lokum voru helstu niðurstöður teknar saman í þessa skýrslu.

Kynjaskipting þátttakenda var nær jöfn, 37 karlar og 39 konur, og voru flestir á aldrinum 51-70 ára, en yngsti þátttakandinn 18 ára og sá elsti 79 ára. Tæpur þriðjungur, eða 30% höfðu innan við fjögurra ára menntun, 45% höfðu fjögurra til átta ára menntun eftir grunnskóla, og 22% þátttakenda reyndust hafa átta ára skólagöngu eða meira eftir grunnskóla. Flestir þátttakenda bjuggu á lögbýlum, eða 66% (50 manns), og 32% (eða 24 manns) áttu sumarhús, og tæplega helmingur þátttakenda, eða 43%, áttu eða höfðu umráðarétt yfir landi sem liggur að Þjórsá. Um helmingur svarenda, eða 37 manns, taldi sig þekkja svæðið sem um er að ræða mjög vel, þriðjungur taldi sig þekkja svæðið vel, 15% merktu við „hvorki/né“ og tveir svarendur eða 3%, sögðust lítið þekkja svæðið.

Ríflega helmingur þátttakenda, eða 62%, merktu áhrifasvæði virkjunarinnar inn á kort. Tveir þriðju hlutar þeirra sem tóku afstöðu töldu áhrifasvæðið vera um það bil 800 m til 2 km út frá lóninu sjálfu í allar áttir. Tæpur fjórðungur taldi áhrifasvæðið vera um það bil það sama út frá lóninu, en teygja sig um 12 km upp og niður eftir Þjórsárvegi. Tveir aðilar, eða 10,5%, telja áhrifasvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar vera mun stærra og ná um 15 km til norðausturs

og suðvesturs, og innifela m.a. Skriðufell, Árborg, Galtafell, Hreppólakirkju, Hagakirkju í Holtum, Stóru-Velli eldri, Skarfanés og Búrfellsstofu.

Þátttakendur voru spurðir hvernig þeir upplifðu núverandi ástand landslags innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar, og beðnir um að svara skalaspurningu á fimm mismunandi skölum, frá „manngerðu“ yfir í „náttúrulegt“, frá „sóðalegu“ yfir í „hreint“, frá „háværu“ yfir í „kyrrt“, frá „óaðgengilegu“ og yfir í „aðgengilegt“, og frá „ljótu“ yfir í „fallegt“. Flestir þátttakendur merktu við að þeir upplifðu núverandi ástand landslagsins innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar sem „náttúrulegt“, „hreint“, „kyrrlátt“, „aðgengilegt“ og „fallegt“.

72% allra svarenda merktu inn á kort svæði, leiðir og staði sem þeir sækja oftast, og voru þá einna helst merkt við eða nefnd svæðin við veginn sem liggur meðfram Þjórsá, sem og Fossnes, svæði í kringum Stóra-Núp og Gaukshöfði. Í því samhengi nefndu 34% þeirra sem svöruðu þessari spurningu tólmstundir og útivist á borð við veiði, umsjón með gróðri, hjólréiðaferðir, bíltúra, gönguferðir og útreiðar.

34% þátttakenda kusu að merkja inn á kort þau svæði sem þeir töldu vera mest notuð, og var þá helst merkt við svæði sem liggja meðfram veginum, allra helst Fossnes og Gaukshöfða. Fleiri, eða 61%, komu með athugasemdir eða rökstuðning, og nefndu þá t.d. vegina, gönguferðir, reiðleiðir, veiði, og malarnámu.

51% þátttakenda merktu inn á kort svæði sem þeir telja hafa mest gildi vegna landslags og ásýndar lands, og var þá helst um að ræða svæðið kringum Fossnes og ármótin við Þverá. 54% þátttakenda gáfu skriflegt svar, og nefndu 29% allra þátttakenda einstaka staði eða svæði svo sem flúðir, græna hólma og hraun í fyrirhuguðu lónstæði.

Eingöngu 13% þátttakenda kusu að merkja við svæði sem þeim fannst hafa minnst gildi vegna landslags og ásýndar, og var þá helst merkt við malarnámur á svæðinu. 61% komu með athugasemdir eða skrifuðu svar sitt við þessari spurningu. 35,5% sögðu með einum eða öðrum hætti að þeir gætu ekki svarað þessari spurningu, því svæðin hefðu öll jafn mikið gildi vegna landslags og ásýndar. Nokkrir, samtals 7%, nefndu svæðið þar sem malarnámur eru.

Að lokum voru þátttakendur beðnir um að merkja inn þau svæði sem þeir telja vera helst viðkvæm fyrir breytingum, og merktu 30% inn á kort en 59% komu með athugasemdir. Þá var einna helst fjallað um svæðið næst virkjuninni og lónið sjálft, auk árfarvegarins, eyjur og hólma í Þjórsá, svæðið þar sem Þverá fer út í Þjórsá, og umhverfi Þverár.

Níu aðilar af 76 þátttakendum (12%) sögðust vera á móti uppbyggingu fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar í athugasemdum sem boðið var upp á í lok spurningalistans, en fimm aðilar (7%) tóku fram að þeir væru jákvæðir gagnvart henni.

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT	II
EFNISYFIRLIT	IV
MYNDASKRÁ	V
TÖFLUSKRÁ	VI
1 INNGANGUR	7
1.1 Mat á umhverfisáhrifum – forsaga fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar.....	7
1.2 Markmið þessarar rannsóknar.....	8
1.3 Staðhættir og núverandi notkun á landinu.....	8
2 AÐFERÐAFRÆÐI OG FRAMKVÆMD	10
2.1 Þýði og úrtak.....	10
2.2 Aðferðafræðin	11
2.2.1 Spurningalisti og fylgigögn	11
2.3 Framkvæmd rannsóknarinnar	11
2.4 Úrvinnsla könnunar.....	13
2.5 Takmarkanir rannsóknarinnar	13
3 NIÐURSTÖÐUR	15
3.1 Þátttakendur	15
3.2 Áhrif fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar á landslag og ásýnd innan skilgreinds áhrifasvæðis	19
3.2.1 Áhrifasvæði Hvammsvirkjunar	19
3.2.2 Notkun og gildi einstakra svæða, staða og leiða innan áhrifasvæðisins	24
3.2.3 Einstakir framkvæmdaþættir og mannvirki.....	34
3.3 Athugasemdir og hugleiðingar þátttakenda	37
3.3.1 Virkjunarhugmyndir gagnrýndar	37
3.3.2 Jákvæðni í garð virkjunar	37
3.3.3 Ný brú.....	37
3.3.4 Ábendingar um mótvægisáðgerðir	37
3.3.5 Fyrirspurnir	37
3.3.6 Athugasemdir við könnunina, misskilningur og sér erindi.....	37
4 UMFJÖLLUN	39
4.1.1 Ályktanir og tillögur að mótvægisáðgerðum.....	41
HEIMILDIR	42
VIÐAUKI 1 – SPURNINGAKÖNNUN OG FYLGIGÖGN SEM DREIFT VAR TIL ÍBÚA OG EIGENDA SUMARHÚSA	1
VIÐAUKI 2 – ATHUGASEMDIR ÞÁTTTAKENDA	2

MYNDASKRÁ

Mynd 1.1 Fyrirhuguð Hvammsvirkjun og Hagalón hafa verið teiknuð inn á þessa mynd. Mynd: Landsvirkjun/Mannvit.	7
Mynd 2.1 Svæðið sem skilgreint þýði könnunar kom frá. Rauð lína sýnir svæði sem afmarkar þýði íbúa og eigenda sumarhúsa. Úrtakið var tekið innan þessa svæðis, en til viðbótar bárust svör frá þátttakendum er töldu sig málið varða. Grá lína markar nýjan veg og brú yfir Þjórsá.	10
Mynd 2.2 Auglýsing sem birtist í Fréttabréfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 13. ágúst 2016. Forsíða fréttabréfsins er til hægri en auglýsingin á bls. 14 til vinstri.....	12
Mynd 3.1 Alls bárust svör frá 76 þátttakendum, og var kynjaskiptingin nær jöfn, eða 51% konur og 49% karlar.	15
Mynd 3.2 Aldursskipting þátttakenda, fjöldi og prósentur.....	15
Mynd 3.3 Menntun þátttakenda eftir grunnskóla.....	16
Mynd 3.4 Yfirlit yfir tegund búsetu, lögbýli, hús eða íbúð í þéttbýli, sumarhús eða óþekkt. ..	16
Mynd 3.5 Lengd búsetu á Suðurlandi þeirra þátttakenda sem búa á svæðinu (ekki sumarhúsaeigendur).....	17
Mynd 3.6 Lengd búsetu íbúa (ekki sumarhúsaeigenda) á núverandi heimili.....	17
Mynd 3.7 Yfirlit yfir árafjöldann sem eigendur sumarhúsanna hafa átt hús sín.	18
Mynd 3.8 Fjörutíu og þrjú prósent svarenda sagðist eiga eða hafa umráðarétt yfir landi sem liggur að Þjórsá.....	18
Mynd 3.9 Þekking þátttakenda á svæðinu í nágrenni við fyrirhugaða Hvammsvirkjun.	19
Mynd 3.10 Yfirlit yfir hvort þátttakendur telji sig muni sjá mannvirki virkjunarinnar frá húsi sínu eða heimili.	19
Mynd 3.11 Svæðið sem þátttakendur telja til áhrifasvæðis virkjunarinnar. Eingöngu 47 þátttakendur af 76 (62%) kusu að merkja inn á kortið, og eru hlutföllin því reiknuð út frá 47 svörum. 66% þátttakenda merktu við svæði innan rauða hringsins, 23,5% við svæði innan þess gula og 10,5% innan þess bleika.....	20
Mynd 3.12 Upplifun þátttakenda á núverandi ástandi landslags innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar, frá manngerðu og yfir í náttúrulegt.....	22
Mynd 3.13 Upplifun þátttakenda á núverandi ástandi landslags innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar, frá sóðalegu og yfir í hreint.	22
Mynd 3.14 Upplifun þátttakenda á núverandi ástandi landslags innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar, frá háværu og yfir í kyrrt.	23
Mynd 3.15 Upplifun þátttakenda á núverandi ástandi landslags innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar, frá óaðgengilegu og yfir í aðgengilegt.....	23
Mynd 3.16 Upplifun þátttakenda á núverandi ástandi landslags innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar, frá ljótu og yfir í fallegt.	24
Mynd 3.17 Kort af þeim svæðum og stöðum sem aðspurðir íbúar og sumarhúsaeigendur sækja oftast. 55 af 76 þátttakendum (72%) merktu inn á kortið vegna þessarar spurningar, og merktu mest 23% þeirra við dekkstu svæðin.	25
Mynd 3.18 Kort af svæðum, leiðum og stöðum sem aðspurðir íbúar og sumarhúsaeigendur telja séu mest notuð. Eingöngu 26 af 76 þátttakendum merktu við hér, eða 34% allra svarenda, en 61% gáfu skriflegt svar.	27
Mynd 3.19 Kort af svæðum og stöðum sem aðspurðir íbúar og sumarhúsaeigendur telja að hafi mest gildi vegna landslags og ásýndar. 39 af 76 þátttakendum merktu hér inn á kortið, eða 51% allra svarenda og merktu flestir 51% þeirra við dekksta svæðið. .	29
Mynd 3.20 Kort af svæðum, leiðum og stöðum sem aðspurðir íbúar og sumarhúsaeigendur telja að hafi minnst gildi vegna landslags og ásýndar. Aðeins 13% þátttakenda	

merktu inn á kortið, eða 10 af 76 þáttakendum, og af þeim merkti helmingur við dekksta svæðið.....	31
Mynd 3.21 Kort af svæðum, leiðum og stöðum sem aðspurðir íbúar og sumarhúsaeigendur telja að séu mest viðkvæm fyrir breytingum á ásýnd í framtíðinni. Hér merktu 23 af 76 þáttakendum inn á kortið, eða 30%, og af þeim merktu mest 70% við dekksta svæðið.....	33
Mynd 3.22 Yfirlit yfir svör þátttakenda um áhrif stíflugarða á ásýnd landslags.	34
Mynd 3.23 Yfirlit yfir svör þátttakenda um áhrif inntakslóns á ásýnd landslagsins.	34
Mynd 3.24 Yfirlit yfir svör þátttakenda um áhrif stöðvarhúss á ásýnd landslagsins.	35
Mynd 3.25 Yfirlit yfir svör þátttakenda um áhrif nýrra vega/vegaslóða á ásýnd landslagsins.	35
Mynd 3.26 Yfirlit yfir svör þátttakenda um áhrif nýrrar brúar yfir Þjórsá á ásýnd landslagsins.	36
Mynd 3.27 Yfirlit yfir svör þátttakenda um áhrif minnkaðs/breytts rennslis Þjórsár á ásýnd landslagsins.....	36

TÖFLUSKRÁ

Tafla 2.1 Listi yfir fjölda heimsótttra bæja og sumarhúsa í vettvangsferðunum þremur og hversu margir listar voru skildir eftir.	13
---	----

1 INNGANGUR

Endurskoðun hluta umhverfismats fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar stendur nú yfir. Hvammsvirkjun er hönnuð fyrir allt að 95 MW_e og er efsti virkjunarkosturinn af þremur í neðri hluta Þjórsár. Fyrirhugað inntakslón Hvammsvirkjunar, Hagalón nær yfir 4,0 km² svæði í árfarvegi Þjórsár og er framkvæmdasvæði virkjunarinnar innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra, líkt og sjá má á mynd 1.1.



Mynd 1.1 Fyrirhugað Hvammsvirkjun og Hagalón hafa verið teiknuð inn á þessa mynd. Mynd: Landsvirkjun/Mannvit.

Skýrsla þessi, sem unnin er af EFLU verkfræðistofu fyrir Landsvirkjun og Landsnet, hefur að geyma niðurstöður viðhorfskönnunar sem gerð var meðal íbúa og sumarhúsaeigenda sumarið 2016, þar sem viðhorf þeirra til núverandi ásýndar og landslags var kannað, sem og viðhorf þeirra til fyrirhugaðrar virkjunar og áhrifa hennar á ásýnd og landslag. Sú könnun, og skýrsla þessi, eru hluti þeirra gagna sem notuð eru fyrir mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar á umhverfisþáttinn landslag og ásýnd lands.

1.1 Mat á umhverfisáhrifum – forsaga fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar

Forsaga málsins er í stuttu máli sú að árin 2001-2003 fór fram mat á umhverfisáhrifum á allt að 150 MW_e virkjunar Þjórsár við Núp (1). Umhverfismatið var unnið annars vegar fyrir bæði Hvammsvirkjun og Holtavirkjun, og hins vegar fyrir tilhögun sem byggðist á því að í stað þessara tveggja virkjunarkosta yrði vatnsfallið virkjað í einni virkjun, Núpsvirkjun. Í ágúst 2003 úrskurðaði Skipulagsstofnun að fallist væri á framkvæmdina, og staðfesti Umhverfissráðuneytið þann úrskurð í apríl 2004. Framkvæmdir við Hvammsvirkjun hófust ekki innan áratugs. Í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum (MÁU) er ákvæði um endurskoðun matsskýrslu hefjist framkvæmdir ekki innan tíu ára og getur Skipulagsstofnun ákveðið að endurskoða skuli matsskýrslu að hluta til eða öllu leyti, hafi forsendur breyst verulega frá því að álitid (úrskurður) lá fyrir.

Árið 2015 óskuðu sveitarfélögin Rangárþing ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þyrfti að hluta eða í heild matsskýrslu

Landsvirkjunar hvað varðar Hvammsvirkjun áður en leyfi til framkvæmda væri veitt, og lögðu meðal annars fram rýni verkfræðistofunnar EFLU (2) frá 2015 á fyrra mati, þar sem kannað var hvaða rannsóknir, vöktun, eftirlit og þróunarvinna hafði farið fram á vegum Landsvirkjunar frá því að úrskurður vegna Hvammsvirkjunar lá fyrir.

Í lok árs 2015 sendi Skipulagsstofnun frá sér ákvörðun um að endurskoða skuli mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar að hluta, þ.e. þá hluta sem varða áhrif á landslag og ásýnd lands, og áhrif á ferðapjónustu og útivist. Að öðru leyti voru ekki, að mati stofnunarinnar, forsendur til að krefjast endurskoðunar á matskýrslu um Hvammsvirkjun.

1.2 Markmið þessarar rannsóknar

Í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar um að endurskoða skuli umhverfismat virkjunarinnar hvað varðar áhrif á landslag og ásýnd lands og áhrif á ferðapjónustu og útivist var sumarið 2016 ráðist í viðbótarrannsóknir á áhrifum fyrirhugaðrar virkjunar á þessa umhverfisþætti.

Ein þessara rannsókna snerist um að afla gagna um viðhorf íbúa og eigenda sumarhúsa í Gnúpverjahreppi og Landsveit á notkun og gildi lands á áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar. Skýrsla þessi hefur að geyma niðurstöður þessarar rannsóknar.

1.3 Staðhættir og núverandi notkun á landinu

Framkvæmdasvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar afmarkast af landsvæðinu norðan og vestan við Skarðsfjall að farvegi Þjórsár. Inntakslón virkjunarinnar, sem áætlað er að verði um 4 km² afmarkast að mestu af farvegi Þjórsár frá stíflu um 400 m ofan Viðeyjar að Yrjaskeri ofan við bæinn Haga. Sjá má svæðið á mynd 1.1 hér að framan. Áhrifasvæðið nær til tveggja sveitarfélaga sem liggja sitt hvoru megin Þjórsár, Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnessýslu og Rangárpings ytra í Rangárvallasýslu.

Landslag á virkjunarsvæðinu hefur mótast af ís, eldgosum og ám, og í því eru áberandi annars vegar farvegur Þjórsár og nærliggjandi láglandi, og hins vegar lág fjöll, ásar og dalverpi, einkum norðan Þjórsár (1). Hagafjall og Núpur rísa norðvestan árinna, og Skarðsfjall rís upp úr Þjórsárhrauni suðaustan hennar, sundurskorið af sprungum. Á framkvæmdasvæðinu rennur Þjórsá ýmist meðfram eða inni í Þjórsárhrauni, úfnu apalhrauni sem rann frá Veiðivatnasvæðinu fyrir um 8700 árum og fylgdi í megindráttum farvegum Tungnaár og Þjórsár. Hraunið liggur umhverfis Skarðsfjall og mótast austurbakka Þjórsár á áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar (3). Farvegur árinna er nokkuð brattur á virkjunarsvæðinu og eru flúðir í ánni við Ölmóðsey. Jarðvegur hefur víða myndast á hrauninu, og er landið fremur flatt og vel gróið, jafnt á láglandi sem á ásum og hæðum. Uppblástur og áfok hafa þó á síðustu öldum valdið því að jarðvegurinn er sums staðar mun þykkri og annars staðar mun þynnri (1), og hafa margar jarðir farið í eyði í ofanverðri Landsveit vegna uppblásturs (3). Mikill hluti byggðar í Árnes- og Rangárvallasýslum hvílir á hrauninu.

Landnýting á framkvæmdasvæðinu er nær eingöngu tengd landbúnaði (3), en landið sem fer undir Hvammsvirkjun er í eigu eigenda Hvamms norðurbæjar og Skarðs. Vestan við Þjórsá fer land undir Hagalón og þjóðveg sem tilheyrir jörðunum Haga I, Haga II, Melhaga, Fossnesi og Minna-Núpi.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar frá árinu 2003 eru sett skilyrði um endurheimtingu votlendis, aðgerðir til að fyrirbyggja fok á sand- og aursvæðum og vöktun öldurofs og eyðingu gróðurs á ströndum lóna. Undanfarin ár hefur Landsvirkjun unnið að því að uppfylla þau skilyrði á uppblástursgeirum sunnan Þjórsár í landi Skarðs í samráði við landeiganda. Auk þess er verið að vinna að endurheimt votlendis á svæðinu, sem eykur landsvæði það sem vaðfluglar nýta

og sem dæmi hefur Landsvirkjun nýverið samið við Þjóðkirkjuna um endurheimt votlendis í landi Skálholts.

Á Viðey er þéttur birkiskógur, en hún var friðuð árið 2011 að ósk landeigenda og er markmið friðlýsingarinnar að vernda náttúrulegan og lítt snortinn ásamt því lífríki sem honum fylgir, vernda erfðaeiginleika og erfðafjölbreytileika birkisins og annars gróðurs, sem og að tryggja verndargildi eyjarinnar, einkum vísinda- og fræðslugildi. Í friðlýsingarskilmálunum kemur fram að ef virkjað verður í neðri Þjórsá muni Umhverfisstofnun sjá til þess að friðlandið verði girt af svo vernda megi lífríki svæðisins fyrir mönnum og dýrum (3).


2 AÐFERÐAFRÆÐI OG FRAMKVÆMD

Í þessum kafla er að finna lýsingu á aðferðafræðinni sem beitt var við gerð viðhorfskönnunarinnar, sem og á umgjörð rannsóknarinnar og framkvæmd hennar.

2.1 Þýði og úrtak

Ákveðið var að leita eftir viðhorfi íbúa og eigenda sumarhúsa innan 5 km radiuss umhverfis fyrirhugað framkvæmdasvæði og fyrirhugaða brú yfir Þjórsá ofan við Búðafoss. Svæðið var ákveðið út frá því gera má ráð fyrir að virkjunarframkvæmdir geti orðið sýnilegar innan 5 km radiuss og í meiri fjarlægð má gera ráð fyrir að áhrif verði hverfandi. Í flestum tilfellum er þess vegalengd þó styttri, einkum sökum landforma, hæðarmismunar o.þ.h. Innan svæðisins eru 109 sérbýlishús og 133 frístundahús. Auk þess var leitað eftir viðhorfi annarra íbúa svæðisins sem töldu sig málið varða, m.a. með auglýsingu í fréttabréfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Á mynd 2.1 má sjá það svæði sem skilgreindi þýði könnunarinnar með rauðri línu og var úrtak fólks tekið innan þess ramma. Auk þess bárust svör frá öðrum íbúum svæðisins sem töldu sig málið varða og óskuðu eftir þátttöku.



Mynd 2.1 Svæðið sem skilgreint þýði könnunar kom frá. Rauð lína sýnir svæði sem afmarkar þýði íbúa og eigenda sumarhúsa. Úrtakið var tekið innan þessa svæðis, en til viðbótar bárust svör frá þátttakendum er töldu sig málið varða. Grá lína markar nýjan veg og brú yfir Þjórsá.

Spurningalistum ásamt fylgigögnum var dreift á þá bæi sem náðist til fólks eða listar skildir eftir hjá nágrönnum sem tóku þá sjálfir ábyrgð á því að koma listunum til skila. Leitað var til eins margra og unnt var innan ákveðins tímaramma og leitast eftir að hafa úrtak sem allra dreifðast innan þessa 5 km radiuss. Alls var 198 listum dreift.

Þátttakendum var heitið nafnleynd og höfðu starfsmenn EFLU einir aðgang að gögnunum sem eytt var að úrvinnslu lokinni.

2.2 Aðferðafræðin

Notast var við spurningalista og myndahefti til útskýringa, sjá kafla 2.2.1. Þátttakendur voru heimsóttir á bæi og í sumarhús, auk þess sem leitað var eftir svörum með auglýsingu í fréttabréfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, sjá kafla 2.3 og voru listar með fylgigögnum send bréfleiðis til þeirra sem þess óskuðu.

Spurningalistar, kort til að merkja svör inn á og myndahefti (sjá viðauka 1) voru skilin eftir hjá mögulegum þátttakendum, ásamt frímerktu umslagi sem þeir máttu nota til að senda útfyllta listana til EFLU verkfræðistofu.

2.2.1 Spurningalisti og fylgigögn

Spurningarnar voru ýmist lokaðar krossaspurningar þar sem svarendum var boðið að merkja við svarmöguleika, eða spurningar þar sem þátttakendur voru beðnir um að merkja inn á kort og voru þátttakendur hvattir til að tjá sig vel um þær. Í lok viðhorfskönnunarinnar var þátttakendum gefinn kostur á að bæta við hugleiðingum sínum og koma með ábendingar. Alls var 198 listum dreift.

Á hverjum stað voru skilin eftir

- Frímerkt umslag merkt EFLU.
- Spurningalistar fyrir alla íbúa/eigendur.
- Kort sem þátttakendur gátu merkt inn á þegar könnuninni var svarað.
- Loftmyndakort til nánari útskýringar á staðháttum og legu lands.
- Yfirlitskort.
- Myndahefti, með fjórum ásýndarmyndum sem sýna ásýnd svæðisins fyrir og eftir framkvæmd, og líkanmynd (útskýringarmynd) af fyrirhugaðri framkvæmd.

Spurningalistann sem lagður var fyrir íbúa og sumarhúsaeigendur á svæðinu og fylgugögnin eru að finna í viðauka 1.

2.3 Framkvæmd rannsóknarinnar

Alls var farið í þrjár vettvangsferðir með spurningalista.

Dagana 13.-15. júlí var gögnum rannsóknarinnar dreift til íbúa innan 5 km radíuss frá fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Tveir starfsmenn frá EFLU verkfræðistofu heimsóttu bæi og bústaði innan þessa fyrirfram skilgreinda svæðis, útskýrðu könnunina og skildu eftir spurningalista, kort og önnur nauðsynleg gögn ásamt frímerktum umslögum. Á hverjum stað voru skilin eftir þau gögn sem talin eru upp í kafla 2.2.1. Á þeim bæjum sem enginn var heima voru íbúar á næstu bæjum beðnir um að taka við listum og koma til ábúenda ef mögulegt var. Alls var 143 listum dreift á 42 íbúahús og/eða sumarhús. Könnunin var útskýrð fyrir íbúum og sumarhúsaeigendum og fólk beðið um að póstsenda aðeins spurningalistana og tilsvarendi kort sem merkt var inn á í frímerkta umslaginu. Óskað var eftir því að listarnir væru sendir til baka fyrir föstudaginn 22. júlí.

Þann 20. júlí fóru tveir starfsmenn EFLU aftur í ferð og heimsóttu staði neðan við fyrirhugað lón og ofan við Búðafoss þar sem ekki hafið náðst í ábúendur í fyrri ferð. Þeir skildu eftir á 12 stöðum sömu gögn og áður voru talin upp og útskýrðu rannsóknina og tilgang hennar fyrir íbúum og sumarhúsaeigendum. Fólk var beðið um að póstsenda aðeins spurningalistana og tilsvarendi kort sem merkt var inn á í frímerkta umslaginu. Óskað var eftir því að listarnir væru sendir til baka fyrir föstudag 29. júlí. Alls voru 38 eintök skilin eftir. Þegar ljóst varð í byrjun ágúst 2016 að heimtur voru undir væntingum, var hringt á þá bæi sem þegar höfðu fengið könnun í hendurnar og þeir sem ekki voru búnir að senda svör sín voru hvattir til þess að gera

Það sem allra fyrst. Hringt var á 25 bæji og þeir sem óskuðu eftir fleiri eintökum skráðir niður og svo heimsóttir þann 18. ágúst.

Auglýsing var líka birt í Fréttabréfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 16. ágúst, sjá mynd 2.2 og athygli jafnframt vakin á auglýsingunni á heimasíðu Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

 <h2>Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps</h2>	<p>Viðhorfskönnun um áhrif Hvammsvirkjunar á landslag og ásjón að ljúka.</p>
<p>13. árgangur 7. tbl. Ágúst 2016</p>	<p><i>Í samræmi við ákvörðun Skýpulgáttarinnar um að endurskoða skuli umhverfismat virkunarinnar hvað varðar áhrif á landslag og ásjón lands og áhrif á ferðaþjónustu og útivist var farið í viðbótarrannsóknir um viðhorf íbúa og sumarhúsa-eigenda vegna þessara umhverfisþátta.</i></p> <p><i>Dagana 13. til 15. júlí og 20. júlí var könnun framkvæmd og var hún gerð innan 5 km ræðis frá framkvæmdarsvæði. Tveir starfsmenn frá EFLU verkfræðistofu heimsóttu bæi og bústaði innan þessa fyrirfram skilgreinda svæðis, útskýrðu könnunina og skildu eftir spurningalista, kort og önnur nauðsynleg gögn ásamt frimerktum umslögum. Óskað var eftir að svörum yrði skilað eigi síðar en fyrir lok júlímánaðar.</i></p> <p><i>Allir bæir frá Ásólfstöðum að Þjórsárholti í Gnúpverjahreppi og frá Mörk að Lunansholti í Landsveit voru heimsóttir. Einnig var farið á bæi í innsveitum Gnúpverjahrepps, frá Fosnesi að Mástungu og Ásum og þaðan áleiðis í Árnes. Svörin hefjast ekki verið jafn góð og ætla mætti og er fólk því hvatt til þess að koma sínum svörum á framfæri með því að senda inn ádurnefnda spurningalista og kort fyrir 19. ágúst næstkomandi.</i></p> <p><i>Þeir sem ekki hafa fengið spurningalista, kort og önnur gögn afhent en telja sig málið varða eru vinsamlegast beðin um að hafa samband við Birta Kristínu Helgadóttur, birta.helgadoottir@efla.is eða Láru Kristínu Þorvaldsdóttur, lara.kristin.thorvaldsdottir@efla.is fyrir föstudaginn 19. ágúst næstkomandi. Þær munu koma gögnum til viðkomandi. Bestu þakkir Birta og Lára.</i></p>
 <p>Bráðarholt. Umhverfisverðlaun Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2016</p>	<p>Minnum á að í Þjórsárstofu í Árnesi er standur þar sem hægt er að fletta upp upplýsingum á rafrænan máta um vindmyllulundinn á Hafinu. Einnig eru nýjustu upplýsingar á vef-slóðinni http://burfellslundur.landsvirkjun.is þá liggur frammi á skrifstofunni í Árnesi skýrsla um mat á umhverfisáhrifum vegna Búrfellslundar og eru íbúar sem áhuga hafa, hvattir til að kynna sér hana.</p>
 <p>Grænahlíð. Umhverfisverðlaun Skeiða og Gnúpverjahrepps 2015</p>	<p>Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja</p> <p> Munum það — í verki! 802</p>

Mynd 2.2 Auglýsing sem birtist í Fréttabréfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 13. ágúst 2016. Forsíða fréttabréfsins er til hægri en auglýsingin á bls. 14 til vinstri.

Jafnframt fóru tveir starfsmenn EFLU verkfræðistofu í þriðju ferðina þann 18. ágúst, heimsóttu bæi og bústaði í Gnúpverjahreppi sem óskað höfðu eftir listum. Leitað var á bæi sem sótt höfðu eftir að fá að taka þátt í könnun og ekki höfðu fengið lista í fyrri ferðum eða glatað eintökum sínum. Sömu gögn og áður voru skilin eftir á hverjum stað fyrir sig, fyrir utan loftmyndakortið, þar sem viðtakendum þótti yfirlitskortið gefa nægilega skýra mynd af svæðinu. Alls voru 15 spurningalistum dreift og var fólk beðið um að skila inn svörum sínum fyrir 26. ágúst 2016.

Tafla 2.1 sýnir yfirlit yfir fjölda heimsótttra bæja og sumarhúsa og fjölda gagna sem skilin voru eftir í vettvangsferðunum þremur sem farið var í.

Tafla 2.1 Listi yfir fjölda heimsótttra bæja og sumarhúsa í vettvangsferðunum þremur og hversu margir listar voru skildir eftir.

Staðsetning og tegund húsa	Fjöldi húsa	Fjöldi eintaka
Gúpverjahreppur – íbúðahús	25	92
Gnúpverjahreppur – sumarhús	16	48
Landsveit – íbúðarhús	14	48
Landsveit – sumarhús	3	8
Samtals	58	196

Auk þess voru tveir listar með fylgigögnum sendir í pósti eftir að sumarhúsaeygandi hringdi og bað um að fá að taka þátt.

Einnig er vert að geta þess að lokadagsetning sem fólki var gefinn kostur á að skila inn svörum var framlengd frá 22. júlí eins og upphaflega var áætlað til 19. september 2016.

2.4 Úrvinnsla könnunar

Í heildina var 198 spurningalistum dreift, en ljóst er að sumir mögulegir þátttakendur fengu til sín fleiri en eitt eintak, þar sem við endurteknar tilraunir til að fá svör kom í ljós að einhverjir höfðu glatað upprunalegu eintaki, svo ekki er hægt að reikna út endanlegt svarhlutfall. Alls bárust 76 svör, en lokað var fyrir móttöku nýrra svara þann 19. september 2016.

Eftir að söfnun svara var lokið voru spurningalistarnir slegnir inn í Excel skjal, og niðurstöðurnar flokkaðar og settar upp í töflur, súlu- og skífurit.

Svör við spurningum 8 og 10 til 14 þar sem þátttakendur voru beðnir um að merkja inn á kort voru unnin í landfræðilega upplýsingaforritinu ArcGIS. Í fyrnefndum spurningum voru þátttakendur beðnir um að merkja inn svæði, leiðir og staði sem þeir notuðu mest, töldu að væri mest notað, hafði mest gildi, minnst gildi eða viðkvæmast innan þess ramma sem kortið sýndi. Kortin voru merkt inn á sama hátt og þátttakendur höfðu merkt við þau og síðan hitakort unnin úr gögnunum. Við úrvinnslu voru svæði og staðir teknir saman í einn lið, með því að merkja inn staði og mynda um hvern punkt hring með 200 m radíus. Þetta var gert vegna þess að svarendur gerðu lítinn greinarmun á „stað“ og „svæði“ enda sækir fólk oftast í stærra svæði en einn punkt á hverjum stað.

Auk þess var unnið úr rituðum svörum við hálfopnu spurningunum, sem og hugleiðingum og ábendingum þátttakenda, með því að þemagreina þau og litakóða, og voru þau svör ýmist sett inn í viðeigandi kaflana eða tekin saman í sér kafla. Að lokum voru helstu niðurstöður teknar saman í þessa skýrslu.

2.5 Takmarkanir rannsóknarinnar

Rannsókn þessi, líkt og aðrar rannsóknir, var bundin takmörkunum og þá einna helst hvað varðaði mat á úrtakinu. Eins og segir hér að ofan, var 198 listum dreift og bárust 76 svör, en ekki er hægt að vita hversu margir fengu listann oftast en einu sinni og jafnvel oftast en tvisvar og því ekki hægt að reikna út ábyggilegt svarhlutfall. Sumar fjölskyldur ákváðu að einn íbúi væri best fallinn til að svara listunum meðan aðrar ákváðu að hver einstaklingur yfir 18 ára skyldi svara á hverjum bæ/bústað fyrir sig, líkt og rannsakendur hvöttu til þegar haft var samband við íbúa og sumarhúsaeygendur.

Einnig fengu ekki allir íbúar eða sumarhúsaeigendur á svæðinu eintök, því ekki var fólk alltaf heima við þegar bæjirnir og bústaðirnir voru heimsóttir. Reynt var að bregðast við þessu með því að auglýsa könnunina og hvetja aðra íbúa og bústaðareigendur til að tala við nágranna sína um hana, en samt sem áður var ekki hægt að ná til þeirra allra.


Að lokum er ekki hægt að taka fyrir þann möguleika að einhverjir einstaklingar hafi svarað oftari en einu sinni, en skoðanir þeirra einstaklinga hefðu þá meira gildi en annarra, þar sem þær væru þá tvíteknar.

3 NIÐURSTÖÐUR

Í þessum kafla eru niðurstöður viðhorfskönnunarinnar teknar saman og settar fram í skífuritum, súluritum, hitakortum og textavinnslu.


3.1 Þátttakendur

Alls bárust 76 svör. Kynjaskipting þátttakenda var næstum því jöfn, eða 37 karlar og 39 konur, líkt og sjá má á mynd 3.1.



Mynd 3.1 Alls bárust svör frá 76 þátttakendum, og var kynjaskiptingin nær jöfn, eða 51% konur og 49% karlar.


Aldri þátttakenda var skipt upp í fjóra meginhópa og þeir flokkaðir eftir þeim, og líkt og sjá má á mynd 3.2.



Mynd 3.2 Aldursskipting þátttakenda, fjöldi og prósentur.


Yngsti þátttakandinn var 18 ára en sá elsti 79 ára. Tveir þátttakendur settu aldur sinn sem „60+“ og „50+“, og voru þeir flokkaðir með hópnun „51-70 ára“, en einn þátttakandi gaf ekki upp aldur sinn. Af þeim sem gáfu upp aldur sinn, voru langflestir á aldurbilinu 51-70 ára, eða 56%.

Menntun þátttakenda eftir grunnskóla var skipt upp í innan við fjögur ár, fjögur til átta ár og átta ár eða meira, líkt og sjá má á mynd 3.3. Tæpur þriðjungur, eða 30% höfðu innan við fjögurra ára menntun, 45% höfðu fjögurra til átta ára menntun eftir grunnskóla, og 22% þátttakenda reyndust hafa átta ára skólagöngu eða meira eftir grunnskóla.




Mynd 3.3 Menntun þátttakenda eftir grunnskóla.

Flestir þátttakenda bjuggu á lögbýlum, eða 66% (50 manns), og 32% (eða 24 manns) áttu sumarhús, líkt og sjá má á mynd 3.4.




Mynd 3.4 Yfirlit yfir tegund búsetu, lögbýli, hús eða íbúð í þéttbýli, sumarhús eða óþekkt.

Einni spurningu í tveimur liðum var eingöngu beint að íbúum, en ekki þeim sem eiga sumarhús. Af þeim höfðu flestir átt heima í marga áratugi á Suðurlandi, eins og sjá má á mynd 3.5. Mynd 3.6 sýnir að flestir hafa búið á núverandi heimili í 11 ár eða meira.




Mynd 3.5 Lengd búsetu á Suðurlandi þeirra þátttakenda sem búa á svæðinu (ekki sumarhúsaegendur).




Mynd 3.6 Lengd búsetu íbúa (ekki sumarhúsaegenda) á núverandi heimili.

Sama spurning var lögð fyrir sumarhúsaegendur og má sjá á mynd 3.7 að 32% þeirra höfðu átt hús sín í 11-20 ár, 36% í 21-35 ár, og 4%, eða einn aðili, hefur átt hús sitt í meira en 51 ár.




Mynd 3.7 Yfirlit yfir árafjöldann sem eigendur sumarhúsanna hafa átt hús sín.

Tæplega helmingur þátttakenda, eða 43%, áttu eða höfðu umráðarétt yfir landi sem liggur að Þjórsá, eins og fram kemur á mynd 3.8.




Mynd 3.8 Fjörutíu og þrjú prósent svarenda sagðist eiga eða hafa umráðarétt yfir landi sem liggur að Þjórsá.

Um helmingur svarenda, eða 37 manns, taldi sig þekkja svæðið sem um er að ræða mjög vel, og enginn svarenda merkti við valkostinn „alls ekkert“, svo hann var ekki tekinn með í úrvinnsluna, sem sjá má á mynd 3.9. Þriðjungur svarenda taldi sig þekkja svæðið vel, 15% merktu við „hvorki/né“ og tveir svarendur eða 3%, sögðust lítið þekkja svæðið.



Mynd 3.9 Þekking þátttakenda á svæðinu í nágrenni við fyrirhugaða Hvammsvirkjun.

Um fjórðungur þátttakenda telja líklegt að þeir muni sjá einhver mannvirki frá heimilum sínum eða sumarhúsum, meðan 68% hlutar þátttakendanna töldu það ólíklegt, og 5% sögðust ekki vita það eða svöruðu ekki spurningunni.



Mynd 3.10 Yfirlit yfir hvort þátttakendur telji sig muni sjá mannvirki virkjunarinnar frá húsi sínu eða heimili.

3.2 Áhrif fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar á landslag og ásýnd innan skilgreinds áhrifasvæðis

Næstu spurningar sneru að áhrifum fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar á landslag og ásýnd, og er fjallað um hverja og eina þeirra hér að neðan.

3.2.1 Áhrifasvæði Hvammsvirkjunar

Fólk var beðið um að merkja inn á kortið það svæði sem það taldi til áhrifasvæðis Hvammsvirkjunar, og koma með rökstuðning eða ábendingar. Mynd 3.11 sýnir kort af því landssvæði sem aðspurðir íbúar og sumarhúsaeigendur telja að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar.

Fjörutíu og sjö svarendur af 76 merktu við þessa spurningu, eða 62%. Prósentuhlutfallið á myndinni er eingöngu reiknað út frá gefnum svörum, eða 47 svörum.

Litir línanna gefa í skyn hversu margir merktu við hvert svæði fyrir sig, þar sem rauða línan sýnir að 66% svarenda töldu svæðið innan hennar til áhrifasvæðis virkjunarinnar, gula línan að 23,5% til viðbótar bættu því svæði við og bleika sýnir að 10,5% töldu stærra svæði til áhrifasvæðis virkjunarinnar. Sjá má að tveir þriðju hlutar þeirra sem tóku afstöðu telja áhrifasvæðið vera um það bil 800 m til 2 km út frá lóninu sjálfu í allar áttir. Tæpur fjórðungur telur áhrifasvæðið vera um það bil það sama út frá lóninu, en teygja sig um 12 km upp og niður eftir Þjórsárvegi. 10,5% af þessum 47 sem merktu inn á kortið telja áhrifasvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar vera mun stærra og ná um 15 km til norðausturs og suðvesturs, og innifela m.a. Hestafoss, Flagbjarnarholt, Stóruvelli, Þjórsárdal og Hlíðarfjall.

Einnig voru þátttakendur beðnir um að koma með athugasemdir eða rökstuðning fyrir merkingu sinni inn á kortið, og kusu 44 af 76 þátttakendum (58%) að gera það. Átján manns gáfu einfaldar staðreyndir um hvað þeir höfðu merkt inn á kortið, svo sem „*uppistöðulón, stíflugarðar og brú*“, „*þar sem sést til lóns eða mannvirkja*“, „*sírka alls staðar þar sem lónið sést*“, „*möl hverfur undir lón*“, „*liggur í hlutarins eðli*“ og „*stíflugarðar og hærra vatnsyfirborð*.“ Tveir af þessum 18 tiltóku sérstaklega flúðirnar fyrir ofan Fossnes. Einn aðili nefndi að svæðið væri „*eflaust mun stærra*“ en það sem hann hafði merkt inn, en að hann hefði merkti inn það sem hann þekkti sjálfur.

Aðrir voru ítarlegri í svörum, en gáfu ekki til kynna hvað þeim fannst um það. Þessi hópur, eða 12 af 76 þátttakendum, 15,8%, töluðu um að flúðir og sker færu í kaf og sögðu meðal annars eftirfarandi: „*ásýnd svæðis verður allt önnur og því verður raskað meira og minna*“, „*afgerandi breyting, sjónræn*“, og „*Hagaey hverfur nánast, flúðir hverfa. Veiðistaðir og útivistar svæði hverfa*.“ Einn sagði að virkjun myndi breyta „*upplifun af allri leiðinni upp Gnúpverjahrepp og í Þjórsárdal*“, annar að röskuð svæði muni sjást „*um alla sveit*“ og sá þriðji sagðist telja „*að virkjun myndi hafa áhrif á alla ána fyrir neðan virkjun*.“ Aðrir töluðu um „*sjónræn áhrif*“ og áhrif á landslag, áhrif á dýralíf og fugla, tveir nefndu að lónið myndi valda kulda á svæðinu, og einn sagði: „*Í raun og veru er áhrifasvæðið stærra því áhrif svona virkjunar eru mjög víðtæk*.“

Enn aðrir, samtals átta manns, eða 10,5%, nefndu önnur rök gegn því að virkjun verði byggð eða gáfu til kynna að þeir væru neikvæðir í garð fyrirhugaðrar virkjunar. Tveir töluðu um skerðingu á landslagi og sagði annar að þarna yrði „*skerðing á landslagi og sjónmengun af stíflugerð*“ og hinn sagði að þarna yrði „*mikil skerðing á mjög fallegu landslagi*.“ Einn nefndi að honum fannst „*ásýnd stíflu ekki falleg*“ og tveir nefndu að þeir vildu „*hafa [landið] ósnortið áfram*.“ Einn sagði það myndi slokkna „*á niðnum í Þjórsá og Hagaey spillist*“ og annar nefndi að „*með inntakslóni er verið að sökkva mjög fallegu landi sem er engan veginn ásættanlegt*.“


Þrír aðilar, 4%, virtust ekki gera sér grein fyrir að gagnasöfnunin er hluti af nýju mati á umhverfisáhrifum virkjunarinnar á landslag og ásynd lands, því þeir settu út á gamalt umhverfismat og vildu fá nýtt mat.

Fimm manns, 6,6%, sögðust hlutlausir eða jákvæðir í garð virkjunarinnar. Einn þeirra sagði að „*fallegt lón*“ myndi „*myndast*“, og annar sagði að ef „*vegur og garðar fá svipaða meðferð og vegur við Gaukhöfða þarf ekkert að óttast um ásyndina*.“


3.2.1.1 Upplifun á núverandi ástandi landslags innan áhrifasvæðisins

Þátttakendur voru spurðir hvernig þeir upplifðu núverandi ástand landslags innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar, og beðnir um að svara skalaspurningu á fimm mismunandi skölum, frá „*manngerðu*“ yfir í „*náttúrulegt*“ (sjá mynd 3.12), frá „*sóðalegu*“ yfir í „*hreint*“ (sjá

mynd 3.13), frá „háværu“ yfir í „kyrrt“ (sjá mynd 3.14), frá „óaðgengilegu“ og yfir í „aðgengilegt“ (sjá mynd 3.15), og frá „ljótu“ yfir í „fallegt“ (sjá mynd 3.16).




Mynd 3.12 *Upplifun þátttakenda á núverandi ástandi landslags innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar, frá manngerðu og yfir í náttúrulegt.*




Mynd 3.13 *Upplifun þátttakenda á núverandi ástandi landslags innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar, frá sóðalegu og yfir í hreint.*



Mynd 3.14 Upplifun þátttakenda á núverandi ástandi landslags innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar, frá háværu og yfir í kyrirt.



Mynd 3.15 Upplifun þátttakenda á núverandi ástandi landslags innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar, frá óaðgengilegu og yfir í aðgengilegt.



Mynd 3.16 Upplifun þátttakenda á núverandi ástandi landslags innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar, frá ljótu og yfir í fallegt.

Flestir þátttakendur merktu við að þeir upplifðu núverandi ástand landslagsins innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar sem „náttúrulegt,“ „hreint,“ „kyrrlátt,“ „aðgengilegt“ og „fallegt.“

3.2.2 Notkun og gildi einstakra svæða, staða og leiða innan áhrifasvæðisins

3.2.2.1 Þau svæði, leiðir og staðir sem þátttakendur sækja oftast

Þátttakendur voru beðnir um að merkja inn þau svæði, leiðir og staði sem þeir sækja oftast, og koma með rökstuðning eða athugasemdir, og var tilgangurinn sá að geta tilgreint mest notuðu svæðin við mat á áhrifum fyrirhugaðrar virkjunar á landslag og ásýnd lands. Samtals kusu 55 af 76 að merkja inn á kortið, eða 72% allra svarenda, og eru hlutföllin á reiknuð út frá því svarhlutfalli. Mynd 3.17 sýnir kort af þeim svæðum, leiðum og stöðum sem aðspurðir íbúar og sumarhúsaeigendur sækja oftast.

Litaskalinn gefur í skyn hversu margir merktu við hvert svæði fyrir sig, þar sem dekksti liturinn merkir að flestir hafi merkt við þann stað (flestar samtals 23% þeirra sem merktu inn á kortið) en sá ljósasti að einn aðili hafi merkt við þann stað. Hér sést að svæðin við veginn sem liggur meðfram Þjórsá eru mest sótt, sem og Fossnes, svæði í kringum Stóra-Núp og Gaukshöfði.

Rökstuðningur og athugasemdir við spurningu 10, þar sem fólk var beðið um að merkja inn á kort þau svæði, leiðir og staði sem það sækir oftast, snérist ýmist um hvað fólk gerir í frístundum eða leiðir sem það sækir daglega, en samtals 46 kusu að gefa skriflegt svar, eða 60,5%.

Flestir, eða 26 svarendur (34%), tengdu svör sín við tómsundur og útivist á borð við veiði, umsjón með gróðri (t.d. skógrækt eða matjurtarækt), hjólreiðaferðir, bíltúra og útreiðar. Sumir nefndu göngur upp á Skarðsfall, og göngur „meðfram Þjórsá og þá sérstaklega frá Þjórsárholti að Viðey,“ líkt og einn sagði. Hestafólk nefndi að hluti svæðisins er notaður undir hagabeit, og tiltók auk ónefndra reiðleiða, reiðleiðina frá Búða og upp úr og reiðleið inn í Þjórsárdal.

Þrír (4%) nefndu Þjórsárdal sérstaklega, einn (1,3%) Þjórsárdalskóg, þrír (4%) Hjálparfoss, og einnig var minnst á Miðhús, Árnes, Núp, Stöng, Búrfellsskóg, Lambhagasvæðið og einn tiltók að hann heimsækti ónefnda staði austan Þjórsár.

Níu (11,8%) til viðbótar sögðust búa á svæðinu og því ferðast um það reglulega, sumir nefndu vegi og aðrir sögðu hluti á borð við að þeir fari daglega um svæðið vegna vinnu, fari oft í sjoppuna í Árnesi eða að þeir búi á svæðinu og fari því oft um sveitina.


Tíu aðilar (13%) svöruðu einhverju öðru en spurningunni og drógu m.a. saman áhyggjur sínar af áhrifum virkjunarinnar, en svöruðu ekki því hvaða staði, svæði eða leiðir þeir sækja oftast. Tveir þessara aðila gáfu einnig sama svarið við öllum spurningum 10-14, en svöruðu ekki því sem beðið var um. Fjallað er um þessi svör í umfjöllun í kafla 3.3.

3.2.2.2 Þau svæði, leiðir og staði sem þátttakendur telja að séu mest notuð

Þátttakendur voru beðnir um að merkja inn þau svæði, leiðir og staði sem þeir telja að séu mest notuð, og koma með rökstuðning eða athugasemdir. Samtals kusu 26 af 76 þátttakendur að merkja við á kortum, eða 34% allra svarenda, og eru hlutföllin á reiknuð út frá því svarhlutfalli. Mynd 3.18 sýnir hvaða svæði þeir völdu.

Litaskalinn gefur í skyn hversu margir merktu við hvert svæði fyrir sig, þar sem dekksti liturinn merkir að flestir hafi merkt við þann stað en sá ljósasti að einn aðili hafi merkt við þann stað. Hér sést að helstu svæði sem þátttakendur telja mest notuð eru þau sem liggja meðfram veginum, allra helst Fossnes og Gaukshöfði.

Mun fleiri þátttakendur, eða 46 af 76 (61%) kusu að koma með skriflegt svar við svar sitt í spurningu 11, um hvaða svæði þeir telja að séu mest notuð. Þrjátíu og einn þeirra (40,8%) fjallaði um notkun landsins, og nefndu þrír (4%) gönguferðir, þrír (4%) veiði, sex (7,9%) reiðleiðir, fjórir (5,2%) malarnámu á svæðinu, og 12 (15,8%) nefndu að vegirnir sem til staðar eru væru mest sóttir. Einstakir nefndir staðir voru sumarhúsalönd, Gaukshöfði, Fossnesgljúfur, Minna-Núpsbólmi/Viðey, Þjórsárdalur, Hjálparfoss, Þjófafoss, Mýrarskógur, Fossabrekkur, Lambhagasvæðið, Árneshverfið, Flúðir, Búrfellsvirkjun og fólkvangur á Stóra Hofi. Af nefndum stöðum var Þjórsárdalur nefndur fjórum sinnum (5,2%), Hjálparfoss tvisvar (2,6%) og Árneshverfið þrisvar (4%), en allt annað einu sinni (1,3%). Einn (1,3%) sagði að ferðabjónustan væri mikið á þessu svæði.



Mynd 3.18 Kort af svæðum, leiðum og stöðum sem aðspurðir íbúar og sumarhúsaeygendur telja séu mest notuð. Eingöngu 26 af 76 þátttakendum merktu við hér, eða 34% allra svarenda, en 61% gáfu skriflegt svar.

Tveir sögðu að undanskildu umhverfi ána, eftir þjóðveginum og að malarnámum þá væri mjög lítil umferð um svæðið, en sá þriðji sagði: „Svæðið er allt jafn vel/mikið notað,“ án þess að tilgreina hvernig. Tveir til vibótar tiltóku að þeir hefðu efasemdir um hvernig svæðið myndi líta út eftir virkjun.

Fjórir (5,2%) tiltóku að þeir annað hvort neituðu að svara spurningunni eða að þeim finndist erfitt að meta hversu mikið svæðið er notað, ekki væri hægt að merkja það inn á kortið, og einn þeirra benti á að honum finndist ekki skipta máli hversu mikið svæðið er notað, því vernda megi ónotuð svæði.


3.2.2.3 Þau svæði, leiðir og staði sem þátttakendum finnst hafa mest gildi vegna landslags og ásýndar

Þátttakendur voru beðnir um að merkja inn þau svæði, leiðir og staði sem þeim finnst hafa mest gildi vegna landslags og ásýndar, og koma með rökstuðning eða athugasemdir. Samtals kusu 39 af 76 þátttakendum að merkja við á kortum, eða 51% allra svarenda, og eru hlutföllin á reiknuð út frá því svarhlutfalli. Mynd 3.19 sýnir þessi svæði. Litaskalinn gefur í skyn hversu margir merktu við hvert svæði fyrir sig, þar sem dekksti liturinn merkir að flestir hafi merkt við þann stað en sá ljósasti að einn aðili hafi merkt við þann stað. Hér sést að helstu svæði sem þátttakendur telja hafa mest gildi eru svæðið kringum Fossnes og ármótin við Þverá, og fer svo stigminnkandi út frá því svæði.

Fjörutíu og einn þátttakandi (54%) kaus að tjá sig um spurningu 12, þar sem þátttakendur voru beðnir um að merkja inn þau svæði, staði og leiðir sem þeim finnst hafa mest gildi vegna landslags og ásýndar. Tuttugu og tveir (29% allra þátttakenda) nefndu einstaka staði eða svæði, svo sem flúðir, græna hólma og hraun í fyrirhuguðu lónstæði. Fjórir (5,2%) nefndu Hagaey, tveir (2,6%) nefndu Búðafoss, fjórir (5,2%) Þjórsá, fjórir (5,2%) Þjórsárdal og fjórir (5,2%) Minna-Núpshólma. Auk þeirra voru Hagaásar nefndir, sem og Stóri- og Minni-Núpur, svæðið frá Fossabrekkum yfir í Mýrarskóg og niður yfir Skarðsfjall, vegurinn frá Minna-Núpi og upp fyrir Gaukshöfða, Minna-Núpsháls, Ölmóðsey og Gaukshöfði.

Fjórtán (18,4%) tiltóku að ekkert eitt svæði hefði meira gildi en önnur. Einn sagði til dæmis: „Þetta er svæði sem er mjög fagurt og væri hægt að nýta betur í ferðamennsku,“ annar að allt svæðið væri „ein náttúruperla frá mínu útsýni,“ og sá þriðji sagði að afar erfitt væri „að meta feegurð landslags sem er manni svo nátengt og kært.“ Sá fjórði tiltók allt svæðið.

Einn (1,3%) þátttakandi nefndi að gott aðgengi hefði mest gildi fyrir sig, og annar (1,3%) sagðist ekki þekkja fyrirhugað virkjunarsvæðið nægilega vel til að geta svarað spurningunni.



Mynd 3.19 Kort af svæðum og stöðum sem aðspurðir íbúar og sumarhúsaeigendur telja að hafi mest gildi vegna landslags og ásýndar. 39 af 76 þátttakendum merktu hér inn á kortið, eða 51% allra svarenda og merktu flestir 51% þeirra við dekksta svæðið.


3.2.2.4 Þau svæði, leiðir og staðir sem þátttakendum finnst hafa minnst gildi vegna landslags og ásýndar

Þátttakendur voru beðnir um að merkja inn þau svæði, leiðir og staði sem þeim finnst hafa minnst gildi vegna landslags og ásýndar, og koma með rökstuðning eða athugasemdir. Samtals kusu eingöngu 10 af 76 þátttakendum að merkja við á kortum, eða 13% allra svarenda, og eru hlutföllin á reiknuð út frá því svarhlutfalli. Mynd 3.20 sýnir þessi svæði. Litaskalinn gefur í skyn hversu margir merktu við hvert svæði fyrir sig, þar sem dekksti liturinn merkir að flestir hafi merkt við þann stað en sá ljósasti að einn aðili hafi merkt við þann stað. Á myndinni má sjá að flestir merktu við malarnámur á svæðinu.

Mun fleiri kusu að gefa skriflegar athugasemdir við spurningu 13, eða 46 aðilar (61%), þar sem þátttakendur voru beðnir um að merkja inn þau svæði, leiðir og staði sem þeir töldu að hefðu minnst gildi vegna landslags og ásýndar. Tuttugu og sjö (35,5%) nefndu með einum eða öðrum hætti að þessari spurningu væri ekki hægt að svara því allir staðir hafa jafn mikið gildi vegna landslags og ásýndar. Sögðu þeir meðal annars: „Það er ekkert á þessu svæði sem hefur lítið gildi, náttúran er öll jöfn,“ *erfitt er að gera upp á milli staða, staðurinn sem heild hefur sitt gildi ósnortin,* „*allar andstæður hafa sína fegurð,*“ „*á ekki við, allt svæðið hefur mikið gildi,*“ „*ekkert af þessu svæði hefur minna gildi enn annað,*“ og „*þetta er hluti af heild sem ekki er auðvelt eða æskilegt að „búta“ niður eða sortera í minnst og mest.*“

Þrír (4%) tiltóku að malarnámur hefðu minnst gildi og mættu missa sín, fjórir nefndu núverandi árfarveg neðan við Þverá (þar sem námurnar eru), einn nefndi „*ljót svæði*“ og annar að „*fullræktuð svæði*“ hefðu minnst gildi.

Einn þátttakandi sagði að mjög lítil breyting yrði á svæðinu og annar að svæðið sem um ræddi væri að mestu „*mannbert og ekki fallegt. Lónið setur fallegan svip á landið þarna.*“ Annar sagðist ekki geta gert upp hug sinn um „*ljótasta staðinn á svæðinu,*“ þá þriðji sagðist ekki hafa skoðun á þessu og sá fjórði sagðist ekki þekkja svæðið nægilega vel til að geta svarað.



Mynd 3.20 Kort af svæðum, leiðum og stöðum sem aðspurðir íbúar og sumarhúsaeigendur telja að hafi minnst gildi vegna landslags og ásýndar. Aðeins 13% þátttakenda merktu inn á kortið, eða 10 af 76 þátttakendum, og af þeim merkti helmingur við dekksta svæðið.


3.2.2.5 Þau svæði, leiðir og staði sem þeir telja að séu helst viðkvæm fyrir hugsanlegum breytingum á ásýnd svæðisins í framtíðinni

Þátttakendur voru beðnir um að merkja inn þau svæði, leiðir og staði sem þeir telja að séu helst viðkvæm fyrir hugsanlegum breytingum á ásýnd svæðisins í framtíðinni, og koma með rökstuðning eða athugasemdir. Samtals kusu 23 af 76 þátttakendum að merkja við á kortum, eða 30% allra svarenda, og eru hlutföllin á reiknuð út frá því svarhlutfalli. Á mynd 3.21 má sjá þessi svæði, og líkt og áður gefur litaskalinn í skyn hversu margir merktu við hvert svæði fyrir sig, þar sem dekksti liturinn merkir að flestir hafi merkt við þann stað en sá ljósasti að einn aðili hafi merkt við þann stað. Hér sést að helstu svæði sem þátttakendur telja vera helst viðkvæm fyrir hugsanlegum breytingum á ásýnd svæðisins í framtíðinni eru svæðið næst virkjuninni sjálfri og Lónið sjálft, auk árfarvegarins og Viðey.

Fjörutíu og fimm aðilar (59%) kusu að gera athugasemd eða koma með rökfærslu fyrir svári sínu við spurningu 14, þar sem þátttakendur voru beðnir um að merkja inn þau svæði, leiðir eða staði sem þeir telja vera helst viðkvæm fyrir hugsanlegum breytingum á ásýnd svæðisins í framtíðinni. Ellefu (14%), sögðu að „*allt svæðið*“ eða „*allt umhverfi árinna*“ væri helst viðkvæmt fyrir hugsanlegum breytingum á ásýnd svæðisins í framtíðinni, og einn endurtók að svæðið væri allt ein „*heild sem ekki er auðvelt eða æskilegt að búta niður eða sortera í minnst og mest gildi*.“

Tuttugu og sjö manns (36%) nefndu einstök svæði eða staði sem væru helst viðkvæm fyrir breytingum á ásýnd, og nefndu meðal annars eyjur og hólma í Þjórsá, svæðið þar sem Þverá fer út í Þjórsá, umhverfi Þverár, þrír nefndu Skarðssel eða svæðið frá Minni-Núp að Skarðsseli, allt það svæði sem fer undir Lón, Minna-Núpsbólma/Viðey, flúðasvæði í Þjórsá við Þverá, Þverá að Fossnesgljúfri, Hagaey, gönguleið frá Þjórsárholti og upp að Núpsbæjum, Hofsheiðin, og tveir (2,6%) nefndu Búðafoss, og einn aðili (1,3%) sagði svæðin næst ánni væru helst viðkvæm fyrir breytingum. Einn aðili (1,3%) sagði að stíflan sjálf yrði „*það ljótasta*“, annar nefndi að aðgengileg svæði, og því eftirtektarverð, væru helst viðkvæm, og sá þriðji (1,3%) sagði að fyrirhuguð virkjum mun rýra „*verulega verð á jörðinni í Fossnesi*.“


Fjórir (5,2%) sögðu að engin svæði væru helst viðkvæm fyrir hugsanlegum breytingum á ásýnd svæðisins og sex (7,9%) tiltóku að þeir annað hvort slepptu þessari spurningu eða að þeir höfðu ekki skoðun á henni.




Mynd 3.21 Kort af svæðum, leiðum og stöðum sem aðspurðir íbúar og sumarhúsaeigendur telja að séu mest viðkvæm fyrir breytingum á ásynð í framtíðinni. Hér merktu 23 af 76 þátttakendum inn á kortið, eða 30%, og af þeim merktu mest 70% við dekksta svæðið.

3.2.3 Einstakir framkvæmdaþættir og mannvirki


Fimmtánda spurning var í sex liðum, en þar var spurt hversu mikið þátttakendum þótti sex framkvæmdaliðir hafa áhrif á ásýnd landslagsins á nærsvæði Hvammsvirkjunar. Þessir framkvæmdaliðir voru stíflugarðar (sjá mynd 3.22), inntakslón (sjá mynd 3.23), stöðvarhús (sjá mynd 3.24), nýjir vegir/vegarlóðar (sjá mynd 3.25), ný brú yfir Þjórsá (sjá mynd 3.26), og minnkað eða breytt rennsli Þjórsár (sjá mynd 3.27).




Mynd 3.22 Yfirlit yfir svör þátttakenda um áhrif stíflugarða á ásýnd landslags.




Mynd 3.23 Yfirlit yfir svör þátttakenda um áhrif inntakslóns á ásýnd landslagsins.




Mynd 3.24 Yfirlit yfir svör þátttakenda um áhrif stöðvarhúss á ásýnd landslagsins.



Mynd 3.25 Yfirlit yfir svör þátttakenda um áhrif nýrra vega/vegslóða á ásýnd landslagsins.



Mynd 3.26 Yfirlit yfir svör þátttakenda um áhrif nýrrar brúar yfir Þjórsá á ásýnd landslagsins.



Mynd 3.27 Yfirlit yfir svör þátttakenda um áhrif minnkaðs/breytts rennslis Þjórsár á ásýnd landslagsins.

Athygli vekur að 58% telja að stíflugarðar muni hafa veruleg neikvæð áhrif á ásýnd landslagsins á nærsvæði Hvammsvirkjunar, 53% telja að minnkað eða breytt rennsli hefðu veruleg neikvæð áhrif á hið sama, og 51% telur að inntakslón muni hafa veruleg neikvæð áhrif á ásýnd landslagsins. Skoðanir voru meira skiptar þegar kom að áhrifum nýrra vega eða vegaslóða, þar sem 35% töldu nýja vegi eða vegarstöðva hafa talsverð jákvæð eða verulega jákvæð áhrif á á ásýnd landslagsins. Þegar spurt var um áhrif stöðvarhúss, var enginn sem taldi að það myndi hafa talsvert eða veruleg jákvæð áhrif, en 22% töldu það hafa óveruleg jákvæð áhrif, 21% engin áhrif, 22% óveruleg neikvæð áhrif, 10% talsvert neikvæð og 25% veruleg neikvæð áhrif.

Þegar spurt var um álit þátttakenda á áhrifum nýrrar brúar yfir Þjórsá á ásýnd landslags á nærsvæði fyrirhugaðrar virkjunar, töldu 65% að þau yrðu jákvæð, og þar af merku 40% við "veruleg jákvæð." Ríflega fjórðungur, eða 27% töldu áhrifin vera neikvæð, þar af 15% veruleg neikvæð.

3.3 Athugasemdir og hugleiðingar þátttakenda

Fjörutíu og þrír þátttakendur af 76 (57%) kusu að koma með athugasemdir, ábendingar eða spurningar í lok spurningalistans. Þessum athugasemdum var safnað saman og þær þemakóðaðar og greindar. Þær sem við áttu voru settar í kaflana hér að ofan með hitakortum, en aðrar eru teknar saman hér að neðan. Sjá má athugasemdirnar sjálfar í viðauka 2.

3.3.1 Virkjunarhugmyndir gagnrýndar

Níu aðilar af 76 þátttakendum (12%) beinlínis gagnrýndu virkjunarhugmyndir, og voru þeir mis harðorðir í gagnrýni sinni. Meðan sumir sögðust vera á móti virkjunarhugmyndunum, bentu aðrir á að þeir mætu það sem svo að virkjun myndi eyðileggja náttúru, ásýnd og/eða landslag fyrir íbúum og ferðamönnum. Tveir sögðu að aldrei náist sátt um þessa framkvæmd, og aðrir nefndu að ekki væri hlustað á heimafólk hvað virkjunaráætlanir varðaði.

3.3.2 Jákvæðni í garð virkjunar

Fimm aðilar (7%) sögðust jákvæðir gagnvart fyrirhugaðri Hvammsvirkjun, m.a. vegna þess að aðgengi mun batna og nýrra möguleika í útivist á svæðinu og á lóninu.

3.3.3 Ný brú

Fjórir aðilar (5%) gagnrýndu að spurt hefði verið um nýja brú yfir Þjórsá í spurningu 15, „*Hversu mikið þykja þér eftirfarandi framkvæmdaþættir hafa áhrif á ásýnd landslagsins á nærsvæði Hvammsvirkjunar?*“ og vildu ekki tengja nýja brú fyrirhugaðri virkjun.

3.3.4 Ábendingar um mótvægisáðgerðir

Nokkrir nýttu tækifærið til að koma með ábendingar um hvað þyrfti að gera ef svo fer að virkjað verði, og bentu til dæmis tveir á að græða þyrfti upp stíflugarðinn til að bæta ásýnd hans. Tveir hvöttu til þess að lágmarksrennsli árinna yrði tryggt og annar vildi leyfa aðgang að öllum vegum tengdum virkjuninni eftir að framkvæmdum lýkur.

Tveir aðilar bentu á að ónæði yrði meðan á framkvæmdum stendur, og nefndu jafnframt að búast megi við sandfoki þegar farvegur verður þurrkaður upp, sérstaklega hvað Árborg varðar.

3.3.5 Fyrirspurnir

Þrír (4%) lögðu fram fyrirspurnir, og spurði einn um þá staðreynd að ef af virkjun verður, þá er hún byggð á virku jarðskjálftasvæði og hvort það geti valdið lekahættu í Skarði eða í landi Stóru-Valla vegna hækkaðrar grunnvatnsstöðu. Annar spurði um frágang neðan bústaða þar sem vegur verður hækkaður og sá þriðji sagðist vilja sjá líkanmyndir af lóni séð frá Fossnesi.

3.3.6 Athugasemdir við könnunina, misskilningur og sér erindi

Í könnunum sem þessari er iðulega gagnrýnt að spurt er um aldur, kyn og menntun þátttakenda, og gagnrýndu tveir þátttakendur þessar spurningar. Rétt er að áréttta að þessi svör eru ekki notuð til að rekja svör til einstakra þátttakenda, heldur til að gefa eins konar yfirlitsmynd af þeim sem taka þátt, líkt og farið er yfir í kafla 3.1.

Hvað frekari gagnrýni á könnunina varðar, benti einn aðili á þjóða hefði upp á valkostinn „*hvorki jákvæð né neikvæð*“ því mannvirki eins og stíflugarðar hafi sjónræn áhrif, sem geta verið hvorki jákvæð né neikvæð. Einn benti á að kortið hefði verið of stórt, óþarfi hefði verið að hafa Flúðir inni á því, en annar vildi meina að kortið væri ekki nægilega stórt.

Glöggir þátttakendur tóku eftir að bæjarnafn og reiðleiðir vantaði inn á kortið, og einn sagði að ekki hefði verið sýnt nægilega vel á korti hvar frárennsli virkjunarinnar ætti að vera. Sumir gagnrýndu orðalag spurninganna, og bentu á að vanda hefði mátt orðalagið betur svo það væri skiljanlegra almenningi.

Sjö manns gagnrýndu myndirnar og fannst þær gefa rangar upplýsingar um hvernig ásýndin verður ef af virkjun verður og virtust sumir þeirra telja að vísitandi væri dregið úr umfangi framkvæmdanna.

Einnig var ljóst að miskilnings gætti hjá sumum þátttakendum hvað varðar framkvæmdina. Tveir nefndu „jökullón“, en ekki er fyrirhugað að Hagalón verði jökullón. Einnig taldi einn þátttakandi að lónið yrði 7 ferkílómetrar, en eingöngu gert er ráð fyrir að það verði 4 ferkílómetrar. Einn þátttakandi taldi að Hagaey muni fara alveg á kaf, með tilheyrandi afleiðingum fyrir gæsavarp og trjálíf. Ekki er hins vegar ætlunin að sökkva Hagaey.

Tveir þátttakendur skrifuðu sömu svörin í 10-14 og var hvorugur þeirra beint að fjalla um hverja spurningu fyrir sig og eru því svör þeirra tekin saman hér. Fóru þeir fram á nýtt umhverfismat, en gagnasöfnun þessi er hluti af nýju mati á umhverfisáhrifum virkjunarinnar á landslag og ásýnd lands.

Aðrir þrír þátttakendur (4%) sendu samtals tvö erindi á sér blöðum með svörum sínum. Annað þeirra lagði til að færir torfhleðslumeistarar verði fengnir til að færa eyðibýlið Skarðssel um sel og tóftirnar settar niður skammt frá, og að þar væri hægt að setja upp sýningarmiðstöð til fróðleiks um eldri bæði í Landsveit.

Hitt erindið var gagnrýni á vinnubrögð verkfræðistofunnar EFLU, bæði hvað varðar fyrirhugaða Hvammsvirkjun og önnur verk sem stofan kemur að.

4 UMFJÖLLUN

Viðhorfsskönnun þessi var gerð meðal íbúa og sumarhúsaeigenda í nágrenni fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar og 4 km² Hagalóns í Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Rangárþingi ytra, til að meta viðhorf þeirra til núverandi ásýndar og landslags á framkvæmdasvæðinu, sem og viðhorf þeirra til áhrifa virkjunarinnar og annarra framkvæmdaþátta á ásýnd og landslag. Er þetta ein þeirra viðbótarrannsókna á áhrifum fyrirhugaðrar virkjunar á umhverfisþættina landslag og ásýnd lands og ferðaþjónustu og útivist sem ráðist var í sumarið 2016 í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar frá árinu 2015. Skýrsla þessi er ætluð sem innlegg í mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar á umhverfisþáttinn landslag og ásýnd lands og er viðauki við þá skýrslu.

Í kafla 2 er því lýst hvernig staðið var að rannsókninni. Af 198 útsendum viðhorfsskönnunarlistum bárust 76 svör og var kynjaskipting þátttakenda nær jöfn, eða 37 karlar og 39 konur. Þátttakendur voru á aldrinum 18-79 ára, og voru hlutfallslega flestir á aldrinum 51-70 ára, eða ríflega 50% þátttakenda. Tæpur þriðjungur hafði innan við fjögurra ára menntun eftir grunnskóla, tæpur helmingur fjögurra til átta ára menntun eftir grunnskóla og tæpur fjórðungur átta ára skólagöngu eða meira eftir grunnskóla. Tæpir tveir þriðjuhlutar svarenda voru búsettir á lögbýlum og höfðu flestir átt heima þar í meira en áratug. Um þriðjungur þátttakenda áttu sumarbústað á svæðinu, og höfðu flestir átt hús sín í áratug eða meira. Tæplega helmingur, eða 43% þátttakenda, sögðust eiga eða hafa umráðarétt yfir landi sem liggur að Þjórsá, og 83% þeirra sögðust þekkja svæðið í nágrenni við fyrirhugaða virkjun vel (32%) eða mjög vel (51%).

Ríflega helmingur þátttakenda, eða 62%, merktu áhrifasvæði virkjunarinnar inn á kort. Af þeim töldu tveir þriðju hlutar áhrifasvæðið vera um það bil 800 m til 2 km út frá lóninu sjálfu í allar áttir. Tæpur fjórðungur taldi áhrifasvæðið vera um það bil það sama út frá lóninu, en teygja sig um 12 km upp og niður eftir Þjórsárvegi. Tveir aðilar, eða 10,5%, töldu áhrifasvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar vera mun stærra og ná um 15 km til norðausturs og suðvesturs, og innifela m.a. Skriðufell, Árborg, Galtafell, Hrepphóla­kirkju, Hagakirkju í Holtum, Stóru-Velli eldri, Skarfan­es og Búrfellsstofu.

Þátttakendur höfðu sumir áhyggur af því að virkjun myndi valda skerðingu á landslagi og sjónmengun, og nefndu sérstaklega flúðirnar fyrir ofan Fossnes, sker í ánni sem fær­u í kaf, veiðistaði og útivistarsvæði sem hyrfu, að Hagaey myndi hverfa að miklu leyti, og nefndi einn að niðurinn í Þjórsá myndi stöðvast. Nefnt var að virkjun myndi hafa áhrif á dýralíf og varp fugla og tveir aðilar töldu að lónið myndi valda kulda á svæðinu. Tveir (tæp 3%) nefndu að lón á þessu svæði yrði fallett.

Almennt voru þátttakendur sammála um að áhrifasvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar sé hreint, kyrrlátt, aðgengilegt og fallett, og töldu tæplega 39% svarenda að það væri náttúrulegt. 72% allra svarenda merktu inn á kort svæði, leiðir og staði sem þeir sækja oftast, og merktu þá einna helst við veginn sem liggur meðfram Þjórsá og svæðið þar í kring, sem og Fossnes, svæði í kringum Stóra-Núp og Gaukshöfði. 34% þeirra sem svöruðu þessari spurningu nefndu tómstundir og útivist á borð við veiði, gönguferðir, gróður- og matjurtarækt, hjólréiðaferðir, bíltúra, og útreiðar og nefndi hestafólk að hluti svæðisins er notaður undir beit. Sumir nefndu göngur upp á Skarðsfall og göngur „meðfram Þjórsá og þá sérstaklega frá Þjórsárdal­holti að Viðey,“ líkt og einn sagði. Einstakir nefndir staðir voru Þjórsárdalur, Þjórsárdalskógur, Hjálparfoss, Miðhús, Árnes, Núpur, Stöng, Búrfellsskógur, Lambhagasvæðið og einn tiltók að hann heimsækti ónefnda staði austan Þjórsár.

34% þátttakenda kusu að merkja inn á kort þau svæði sem þeir töldu vera mest notuð, og var þá helst merkt við svæði sem liggja meðfram veginum, allra helst Fossnes og Gaukshöfða. Fleiri, eða 61%, komu með athugasemdir eða rökstuðning, og nefndu þá t.d. vegina, gönguferðir, reiðleiðir, veiði, og malarnámu. Einstakir nefndir staðir voru sumarhúsalönd, Gaukshöfði, Fossnesgljúfur, Minna-Núpsbólmi/Viðey, Þjórsárdalur, Hjálparfoss, Þjófafoss, Mýrarskógur, Fossabrekkur, Lambhagasvæðið, Árneshverfið, Flúðir, Búrfellsvirkjun og fólkvangur á Stóra Hofi. Af nefndum stöðum var Þjórsárdalur nefndur fjórum sinnum (5,2%), Hjálparfoss tvisvar (2,6%) og Árneshverfið þrisvar (4%), en allt annað einu sinni (1,3%). Einn sagði að ferðapjónustan væri mikið á þessu svæði og jafnframt var tekið fram að malarnámur eru á svæðinu.

51% þátttakenda merktu inn á kort svæði sem þeir telja hafa mest gildi vegna landslags og ásýndar lands, og var þá helst um að ræða svæðið kringum Fossnes og ármótin við Þverá. 54% þátttakenda gáfu skriflegt svar, og nefndu 29% allra þátttakenda einstaka staði eða svæði svo sem flúðir (bæði fyrir ofan Fossnes og aðrar í ánni), græna hólma og eyjar (Hagaey, Viðey/Minna-Núpsbólmur og Ölmóðsey), Fossnesgljúfur og hraun í fyrirhuguðu lónstæði. Jafnframt var talað um Þjórsá sjálfa, Búðafoss, Hjálparfoss, Þjófafoss, Þjórsárdal, Þjórsárdalskóg, Gaukshöfða og einnig var minnst á Miðhús, Árnes, Núp, Stöng, Búrfellsskóg, Lambhagasvæðið, Hagaása, Stóra- og Minni-Núp, Minni-Núpsháls, svæðið frá Fossabrekkum yfir í Mýrarskóg og niður yfir Skarðsfjall, einstök sumarhúsalönd, Flúðir, Búrfellsvirkjun og fólkvangur á Stóra Hofi, og reiðleiðir frá Búða og aðra inn í Þjórsárdal.

Eingöngu 13% þátttakenda kusu að merkja við svæði sem þeim fannst hafa minnst gildi vegna landslags og ásýndar, og var þá helst merkt við malarnámur á svæðinu. 61% komu með athugasemdir eða skrifuðu svar sitt við þessari spurningu og sögðu 35,5% með einum eða öðrum hætti að þeir gætu ekki svarað þessari spurningu, því svæðin hefðu öll jafn mikið gildi vegna landslags og ásýndar. Nokkrir, samtals 7%, nefndu svæðið þar sem malarnámur eru.

Að lokum voru þátttakendur beðnir um að merkja inn þau svæði sem þeir telja vera helst viðkvæm fyrir breytingum, og merktu 30% inn á kort en 59% komu með athugasemdir. Þá var einna helst fjallað um svæðið næst virkjuninni og lónið sjálft, auk árfarvegarins, eyjur og hólma í Þjórsá, svæðið þar sem Þverá fer út í Þjórsá, og umhverfi Þverár. 14% þátttakenda, 11 manns, sögðu að um allt umhverfi árinna væri að ræða.

Annar og stærri hópur, eða 35%, nefndi einstök svæði, svo sem eyjur og græna hólmar í Þjórsá, svæðið þar sem Þverá fer út í Þjórsá, umhverfi Þverár, Skarðssel eða svæðið frá Minni-Núp að Skarðsseli, Minna-Núpsbólma/Viðey, flúðasvæði í Þjórsá við Þverá, Þverá að Fossnesgljúfri, Hagaey, gönguleið frá Þjórsárholti og upp að Núpsbæjum, Hofsheiðin, og Búðafoss. Einn aðili nefndi að svæði sem eru aðgengileg og þess vegna eftirtektarverð, væru helst viðkvæm fyrir breytingum á ásýnd og annar hafði áhyggjur af því að verðmat á nálægri jörð myndi minnka. Einn aðili sagði að stíflan sjálf yrði það ljótasta á svæðinu. Nokkrir annað hvort slepptu spurningunni eða sögðu að þeir teldu að engin svæði væru helst viðkvæm fyrir hugsanlegum breytingum á ásýnd svæðisins.

Fleiri en helmingur þátttakanda töldu að stíflugarðar, minnkað eða breytt rennsli og inntakslón myndu hafa veruleg neikvæð áhrif á ásýnd landslagsins. Ríflega tveir þriðju hlutar svarenda, eða 65%, töldu aftur á móti að áhrif nýrrar brúar á ásýnd landsins yrðu jákvæð, meðan ríflega fjórðungur, 27%, töldu að þau yrðu neikvæð. Skoðanir voru voru meira skiptar þegar kom að áhrifum nýrra vega eða vegaslóða á ásýnd landsins (35% töldu þá hafa jákvæð áhrif). Enginn taldi stöðvarhús hafa talsvert eða veruleg jákvæð áhrif á ásýndina, en um fimmtungur taldi

slíkt hús hafa óveruleg jákvæð áhrif, annar fimmtungur engin áhrif, þriðji fimmtungurinn óveruleg neikvæð áhrif, 10% talsvert neikvæð og fjórðipartur veruleg neikvæð áhrif.

Ríflega 2/3 hlutar þátttakenda, eða 70%, telja ólíklegt að þeir muni sjá einhver mannvirki frá heimilum sínum eða sumarhúsum, en um fjórðungur þátttakenda töldu það líklegt.

Af 76 þátttakendum tóku níu (11,8%) fram í lok kannanarinnar að þeir væru mjög á móti virkjunarhugmyndum og sögðu meðal annars að ekki væri hlustað á íbúa sem væru mótfallnir virkjunarhugmyndum og að aldrei náist sátt um Hvammsvirkjun innan samfélagsins. Aðrir höfðu áhyggjur af hlutum á borð við sandfok, ónæði meðan á framkvæmdum stendur, og að grænum hólum eða eyjum yrði sökkt með tilheyrandi afleiðingum fyrir gæsavarp og trjálíf. Tveir (2,6%) bentu á að græða þarf upp stíflugarðinn til að bæta ásýnd. Tveir þátttakendur (2,6%) lögðu til að eyðibýlið Skarössel yrði færð og stungu upp á að þar mætti gera sýningarmiðstöð til fróðleiks um eldri bæi í Landsveit og víðar.

4.1.1 Ályktanir og tillögur að mótvægisáðgerðum

Af niðurstöðum rannsóknar þessarar má draga eftirfarandi ályktanir og út frá þeim eru lagðar til eftirfarandi mótvægisáðgerðir:

- Fram komu áhyggjur af sjónrænu áhrifasvæði virkjunarinnar, og voru einna helst nefnd svæðið í kringum Fossnes, ármótin við Þverá, Hagaey og Minna-Núpshólma, og þarf að huga að því að gæta vel að hönnun í kringum þessi svæði. Hluti íbúa og sumarhúsaeigenda hefur áhyggjur af því að virkjun muni sökkva hólum, flúðum og eyjum í ánni.
 - Því er lagt til að hugað verði að þessu atriði við hönnun virkjunarinnar og við tillögur að mótvægisáðgerðum ef kostur er.
- Hafa ber í huga að fólki finnst virkjunarsvæðið í dag vera náttúrulegt, hreint, kyrrlátt, aðgengilegt og fallett
 - Lagt er til að reynt verði eftir fremsta megni að viðhalda ofangreindri ímynd ef af virkjun verður.
- Yfir helmingur þátttakenda töldu stíflugarða, breytingu á rennsli og inntakslón hafa neikvæð áhrif á ásýnd landslags.
 - Lagt er til að reynt verði eftir fremsta megni að draga úr umfangi þessara þátta við hönnun og leggja til mótvægisáðgerðir sem geta minnkað áhrifin, s.s. að græða upp það sem unnt er, draga úr sjónrænum áhrifum garðanna eftir fremsta megni, vanda vel til verka við allan frágang og tryggja að rennsli árinna skerðist sem minnst.
- Fram komu nýtilegar uppl um mikilvæga staði, svæði og leiðir sem fólk sækir, og eru það mest svæðin við vegin meðfram Þjórsá, Fossnes, svæði kringum Stóra-Núp og Gaukshöfði. Þátttakendur töldu einnig upp eða merktu inn á kort þá staði sem þeir telja vera mest notuð, og voru það þá allra helst svæði meðfram veginum, allra helst Fossnes og Gaukshöfði, en jafnframt var talað um reiðleiðir, vegina, gönguferðir, veiði, malarnámur og fleira.
 - Margir tengdu svör sín við tómsundur og útivist á borð við veiði, gróðurumsjón, hjólréiðaferðir, bíltúra og útreiðar. Höfðu sumir áhyggjur af því að virkjun muni skerða möguleika á útivist. Því ber að gæta að því að tómsunda- og útivistarmöguleikar íbúa og sumarhúsaeigenda skerðist ekki, t.d. með því að leggja nýja reiðstíga fyrir þá sem fara undir lón.
- Þegar spurt var um svæði sem minnst gildi hafa, voru námur nefndar, en það svæði mun fara undir lónið.
 - Þó ber að gæta vel að öllum frágangi, enda er þar verið að tala um árfarveginn neðan við ármótin við Þverá.

HEIMILDIR

1. **Almenna verkfræðistofan hf. / Sigmundur Einarsson, Ólafur A. Jónsson og Áki Ó. Thoroddsen.** *Virkjun Þjórsár við Núp - allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu 1.* Reykjavík : Landsvirkjun, 2003.
2. **EFLA / Alexandra Kjeld, Helga J. Bjarnadóttir, Ólafur Árnason og Páll Höskuldsson.** *Hvammsvirkjun, 93 MWe - Rýni á mati á umhverfisáhrifum.* Reykjavík : EFLA, 2015.
3. **Steinsholt sf.** *Hvammsvirkjun - Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Skipulags- og matslýsing.* Reykjavík : Landsvirkjun, 2015.

VIÐAUKI 1 – SPURNINGAKÖNNUN OG FYLGIGÖGN SEM DREIFT VAR TIL ÍBÚA OG EIGENDA SUMARHÚSA

Spyrill: _____

Dagur: _____

Íbúar og eigendur sumarhúsa

Könnun vegna mats á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar

á landslag og ásýnd

Verkfræðistofan EFLA vinnur nú fyrir Landsvirkjun að mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar á landslag og ásýnd lands. Könnun þessi er hluti af undirbúningsvinnu við það mat og er tilgangurinn með henni að afla sem bestra gagna við matsvinnuna.

Þú ert beðin/n um að skoða vel myndir, kort og texta varðandi fyrirhugaða Hvammsvirkjun áður en þú svarar könnuninni.

Þátttaka þín í þessari könnun er afar mikilvæg og farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

1. Kyn: Karl ₁ Kona ₂

2. Aldur: _____ ára

3. Vinsamlegast svaraðu báðum liðum spurningarinnar.

a. Búseta/dvalarstaður:

Lögbýli ₁ Hús/íbúð í þéttbýli ₂ Sumarhús ₃ Annað: _____

b. Átt þú land, eða hefur þú umráðarétt yfir landi, sem liggur að Þjórsá?

Já ₁ Nei ₂

4. Hve lengi hefur þú átt heima á Suðurlandi - og þar sem þú býrð nú?

Þessi spurning er aðeins fyrir íbúa en ekki eigendur sumarhúsa.

a. Á Suðurlandi _____ ár b. Þar sem þú býrð nú _____ ár

5. Hve lengi hefur þú átt sumarhús hér?

Þessi spurning er aðeins fyrir eigendur sumarhúsa en ekki almenna íbúa.

_____ ár

6. Menntun eftir grunnskóla: innan við 4 ár ₁ 4 - 8 ár ₂ yfir 8 ár ₃

7. Hversu vel telur þú þig þekkja svæðið í nágrenni við fyrirhugaða Hvammsvirkjunar?

₁ Mjög vel ₂ Vel ₃ Hvorki/né ₄ Lítið ₅ Alls ekkert

Spyrill: _____

Dagur: _____

Í spurningum 8 og 10 til 14 ertu beðin/n um að merkja inn á kort svör við spurningum. Vinsamlegast gerðu skýran greinarmun á hvaða spurningu þú ert að svara hverju sinni með númeri spurningarinnar.

8. Vinsamlegast merktu inn á kortið svæðið sem þú telur til áhrifasvæðis Hvammsvirkjunar vegna áhrifa á landslag og ásýnd.

Rökstuðningur/athugasemdir: _____

9. Hvernig upplifir þú núverandi ástand landslags innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar?

Hlutlaust

- | | | | | | | |
|-----------------|-----------------------------|-----------------------------|----------------------------|----------------------------|----------------------------|-------------|
| a. Manngert | <input type="checkbox"/> -2 | <input type="checkbox"/> -1 | <input type="checkbox"/> 0 | <input type="checkbox"/> 1 | <input type="checkbox"/> 2 | Náttúrulegt |
| b. Sóðalegt | <input type="checkbox"/> -2 | <input type="checkbox"/> -1 | <input type="checkbox"/> 0 | <input type="checkbox"/> 1 | <input type="checkbox"/> 2 | Hreint |
| c. Hávært | <input type="checkbox"/> -2 | <input type="checkbox"/> -1 | <input type="checkbox"/> 0 | <input type="checkbox"/> 1 | <input type="checkbox"/> 2 | Kyrrt |
| d. Óaðgengilegt | <input type="checkbox"/> -2 | <input type="checkbox"/> -1 | <input type="checkbox"/> 0 | <input type="checkbox"/> 1 | <input type="checkbox"/> 2 | Aðgengilegt |
| e. Ljótt | <input type="checkbox"/> -2 | <input type="checkbox"/> -1 | <input type="checkbox"/> 0 | <input type="checkbox"/> 1 | <input type="checkbox"/> 2 | Fallegt |

10. Vinsamlegast merktu inn a) þau svæði, b) leiðir og c) staði sem þú sækir oftast.

Rökstuðningur/athugasemdir: _____

11. Vinsamlegast merktu inn a) þau svæði, b) leiðir og c) staði sem þú telur að séu mest notuð.

Rökstuðningur/athugasemdir: _____

12. Vinsamlegast merktu inn a) þau svæði, b) leiðir og c) staði sem þér finnst hafa mest gildi vegna landslags og ásýndar.

Rökstuðningur/athugasemdir: _____

13. Vinsamlegast merktu inn a) þau svæði, b) leiðir og c) staði sem þér finnst hafa minnst gildi vegna landslags og ásýndar.

Rökstuðningur/athugasemdir: _____

14. Vinsamlegast merktu inn a) þau svæði, b) leiðir c) staði sem þú telur að séu helst viðkvæm fyrir hugsanlegum breytingum á ásýnd svæðisins í framtíðinni.

Rökstuðningur/athugasemdir: _____

Spyrill: _____

Dagur: _____

15. Vinsamlega skoðið skýringarmyndir af framkvæmdinni áður en spurningunni er svarað.
Hversu mikið þykja þér eftirfarandi framkvæmdaþættir hafa áhrif á ásýnd landslagsins á nærsvæði Hvammsvirkjunar?

	<u>Neikvæð</u>			<u>Jákvæð</u>			
	Veruleg áhrif	Talsverð áhrif	Óveruleg áhrif	Engin áhrif	Óveruleg áhrif	Talsverð áhrif	Veruleg áhrif
Stíflugarðar	<input type="checkbox"/> -3	<input type="checkbox"/> -2	<input type="checkbox"/> -1	<input type="checkbox"/> 0	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3
Inntakslón	<input type="checkbox"/> -3	<input type="checkbox"/> -2	<input type="checkbox"/> -1	<input type="checkbox"/> 0	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3
Stöðvarhús	<input type="checkbox"/> -3	<input type="checkbox"/> -2	<input type="checkbox"/> -1	<input type="checkbox"/> 0	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3
Nýir vegir/ vegaslóðar	<input type="checkbox"/> -3	<input type="checkbox"/> -2	<input type="checkbox"/> -1	<input type="checkbox"/> 0	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3
Ný brú yfir Þjórsá	<input type="checkbox"/> -3	<input type="checkbox"/> -2	<input type="checkbox"/> -1	<input type="checkbox"/> 0	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3
Minnkað/breytt rennsli Þjórsár	<input type="checkbox"/> -3	<input type="checkbox"/> -2	<input type="checkbox"/> -1	<input type="checkbox"/> 0	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3

16. Telur þú líklegt að þú munir sjá einhver mannvirki Hvammsvirkjunar (þ.e. stíflu, inntakslón eða vegi) frá heimili/sumarhúsi þínu?

Vinsamlega skoðið skýringarmyndir af framkvæmdinni áður en spurningunni er svarað.

1 Já 2 Nei 3 Veit ekki


17. Athugasemdir - ábendingar - spurningar:

Bestu þakkir fyrir þátttökuna!



**Skýringar /
Legend /
Zeichenerklärung
/Légende**

- Staðsetning líkanmynda / Photos / Fotos / Photos
- Stíflugarðar / Proposed dams / Vorgeschlagene Damm / Proposé barrage
- Skurðir / Canals / Kanäle / Canaux
- Fyrirhugað Hagalón / Proposed reservoir / Vorgeschlagene Stausee / Proposé réservoir
- þéttbýli / Urban area / Orte / Agglomération
- ⌘ Viðkomustaðir / Tourist attractions / Sehenswürdig... / Attractions touristiques
- Nýr vegur og brú / New roads and bridge / Neue Straße und Brücke / Nouvelle route et le pont
- Reiðleiðir / Horseback riding routes / Reiten Routen / Itinéraires d'équitation
- Mannvirki /
Constructions / Bau /
Construction**
- Sérbylthús / Houses / Häuser / Maisons
- ✝ Kirkjur / Church / Kirchen / Églises
- Verslunar eða þjónustuhús / Shops or service houses / Geschäfte / Service-Häuser / Commerces ou maisons de service
- Fríundahús / Summerhouses / Ferienhäuser / Cottages
- Núverandi vegir/
Roads / Straßen /
Routes**
- Aðalvegur / Main road / Hauptstraßen / Routes principales
- Aðrir vegir / Other roads / Andere Straßen / Autres routes



Nýr vegur



Stíflugarðar



Fiskvegir




Stöðvarhús



Inntakslón

Minnkað/breytt
rennsli Þjórsár



1.

Fyrir/Before/Vorher/Avant



Eftir/After/Nachher/Après



2.

Fyrir/Before/Vorher/Avant



Eftir/After/Nachher/Après



3.

Fyrir/Before/Vorher/Avant



Eftir/After/Nachher/Après



4.

Fyrir/Before/Vorher/Avant




Eftir/After/Nachher/Aprés



Mat á Umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar - Loftmyndakort Íbúa og sumarhúsaeygenda könnun

Eftirfarandi kort er aðeins til viðmiðunar og frekari útskýringa, vinsamlegast ekki merkja inn á kortið.



Skýringar

- Staðsetning líkanmynda / Photos /
- × Viðkomustaðir
- Fyrirhugað Hagalón
- Nýr vegur og brú
- Reiðleiðir
- Skurðir
- Byggð
- Stíflugarðar


Núverandi vegir

- Aðalvegur

Mat á Umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar

Yfirlitskort - Íbúa og sumarhúsaeygenda könnun

Vinsamlegast merktu inn svör við spurningum 8 og 10 til 14



Skýringar


- Staðsetning líkanmynda
- Viðkomustaðir
- Stíflugarðar
- Skurðir
- Fyrirhugað Hagalón
- Þéttbýli
- - - Nýr vegur og brú
- Reiðleiðir

Mannvirki

- Sérbýlishús
- Kirkjur
- Verslunar / þjónustuhús
- Frístundahús

Núverandi vegir

- Aðalvegur
- Aðrir vegir



VIÐAUKI 2 – ATHUGASEMDIR ÞÁTTTAKENDA

Hér að neðan eru athugasemdir þátttakenda settar fram, eða svör við spurningu 17, þar sem fólki var gefinn kostur á að koma með skriflegar athugasemdir eða ábendingar.

Finnst mjög leiðinlegt að þetta sé gert þar sem eru margir íbúar og þetta er fjölfarin leið. Bæði fyrir ferðamenn og landsmenn til að njóta náttúrunnar.
Mjög skrítnar spurningar t.d. 1, 2 og 6. Maður fær á tilfinningunni að hægt sé með auðveldum hætti að finna út hver sé að svara. Hvað hafið þið með a' gera að afla upplýsinga um menntun viðkomandi? Lágmarksrennsli verður að vera ca. 10% af meðalrennsli árinna upp á lífríki árinna.
Velti fyrir mér hvernig frágangur verði fyrir neðan [...] bústað þar sem vegurinn verður hækkaður. Það hefur ekki verið rétt!
Einstaklega klúðursleg könnun og spurningarnar varla á mannamáli. Myndirnar af lóni áður og eftir segja ekkert. Af hverju var ekki tekin almennileg yfirlitsmynd yfir allt svæðið, t.d. ofan af Hellholti eða Víðihlíð?
Ný brú alveg viðkomandi Hvammsvirkjun. Myndir eru mjög villandi og auðsjáanlega reynt að gera sem allra minnst úr stórfelldum og óafturkræfum breytingum á umhverfinu. Einnig er ótækt að spyrða sífellt saman nýja brú á Þjórsá og Hvammsvirkjun svokallaða. Fyrirhugað virkjun er eins gamaldags og hugsast getur og var margbent á það af hálfu sveitarstjórnar að aldrei næðist sátt um svo stóra framkvæmd. Það er ófyrirgefanlegur hernaður gegn eðlilegu og samstæðu mannlífi í sveitinni minni.
Kort og myndir eru villandi og spurningar kjánalegar. Þetta eru stórar og óafturkræfar breytingar á umhverfinu. Það er alveg hægt að brúa Þjórsá án þess að virkja, þjánalegt að spyrja að því alltaf. Það verður aldrei sátt um þessa framkvæmd og þeim miklu neikvæðu áhrifum sem hún mun hafa náttúru- og mannlíf sveitarinnar.
Þessi könnun var frekar flókin, er ekki viss um að ég hafi merkt rétt á kortinu.
Búin að svara hliðstæðri könnun, þessi er gerð til að rugla menn í rýminu sbr. spurningu 10 til 14. Myndirnar eru gerðar til að sýna sem minnst áhrif af raskinu. Spurt er: á að halda áfram með sömu kannanirnar þar til spyrjendur eru ánægðir með niðurstöðuna? Ekki þarf að tengja brúun Þjórsár virkjunum.
Vil fá að sjá líkanmyndir af lóni frá íbúðarhúsi í Fossnesi og frá vegi við Víðihlíð og frá Sumarhúsum í Fossneslandi. Kortið til að merkja inn á hefði líka mátt vera meirra zoomað inn á þetta svæði, það er óþarfi að hafa Flúðir á þessu korti, hefði auðveldað merkingar.
Almennt þarf að leyfa aðgang að vegum eftir að framkvæmdum er lokið og ekki er verið að vinna við mannvirki. Mjög skrítið að banna akstur yfir Ísakot t.d. þegar ekki er unnið þar.
Óskýrar upplýsingar vegna stíflugarða. Fyrirhugaðri stíflu og stöðvarhúsi.
Græða upp stíflugarðinn.
Ábending um að græða stíflugarðinn upp að neðanverðu. Myndi bæta verulega ásýnd hans.
Mannvirki eins og stíflugarðar og stöðvarhús hafa vissulega áhrif á ásýnd svæðisins, eru breyting, þau þurfa hins vegar ekki að vera annað hvort jákvæð eða neikvæði. Ekki er gefinn kostur á að svara fyrstu 4 artiðunum sem skyldi því ekki er hægt að setja kross í 0 reitinn fyrst áhrifin eru sennileg (vantar "hvorki jákvæði né neikvæði")
Sé ljótt kalt jökullón, steypa varnagarða í stað ósnortinnar Þjórsár með sínar eyjur, flúðir og sker.
Að mínu mati er þetta valdandiðsla fram í byggð, sem aldrei verður aftur tekin. Að sökkva þessu fallega svæði fremst í Þjórsárdalnum.
Afsakið, við þekkjum lítið til staðhætta. Virkjun ekki í sjónlínu við okkur. Erum jákvæð gagnvart virkjun í Þjórsá.
Óljóst hvernig á að merkja inn á kortið.
15. spurning mjög villandi að tengja nýja brú yfir Þjórsá við Hvammsvirkjun, ég mótmæli þessari spurningu. Villandi gulrót fyrir illa unninni framkvæmd Hvammsvirkjunar.
Yfirlitskort er ekki nógu gott. Ekki sýnt nógu vel hvar frárennsli virkjunnar kemur. Það ætti að fara með allt þetta ferli í umhverfismat.
Sé svæðið samt flesta daga. Er á móti þessum framkvæmdum.
Ég bý ekki langt frá og mun sjá þessa breytingu samt flesta daga, þar sem ég bý í sveitinni. Ég tel þessa framkvæmd algjört slys í blómlegu samfélagi.
Virkjunin er á virku jarðskjálftasvæði. Hvað með leka. Er bærinn í Skarði og sunnar í landi Stóru-Valla í hættu vegna hækkaðra grunnvatnsstöðu.
Könnunin er á stofnunarmáli og erfið til svara.

<p>Illu uppsett og ruglingsleg könnun. Erfitt að koma svörum fyrir á korti. Reiðleiðir vantar á kortið og leiðbeiningum er sérlega ábótavant um hvernig skal merkja inn á kort t.d. reiðleið sem ég sæki mest.</p>
<p>Ruglingsleg og illa uppsett könnun. Erfitt að koma svörum fyrir á kortinu. Reiðleiðir illa hugsaðar - vantar hvernig á að merkja við þær.</p>
<p>Spurningar 7-9-15 og 16 góðar, en hinar mjög ruglandi. Búin að heyra í nokkrum sem eru ekki búnir að fá þessa könnun.</p>
<p>Fannst erfitt að svara mörgum spurningum. Bæir og ýmis kennileiti vitlaust merkt inn á kort.</p>
<p>Hver sem gerði þetta kort ætti að merkja bæjina rétt.</p>
<p>Ég tel Hvammsvirkjun hafa jákvæð áhrif fyrir íbúa og landsmenn alla.</p>
<p>Mér finnst einblínt á hversu mikið maður notar svæðið, eða hversu nálægt maður býr, hvort maður sér lónið útum eldhúsgluggann. En það skiptir ekki máli þegar maður vill vernda ána frekari virkjunum. Það er búið að mjólka þessa á nóg! Leyfa restinni að vera í friði. Vil bæta við að tæknilega er könnunin illa unninn, fíranlegar spurningar, kortið er með villum og það að auki veit ég að ekki fengu allir bæjir þessa könnun.</p>
<p>Spurningu 16 vil ég umorða. Þótt virkjun sjáist ekki frá heimili, þýðir það þá ekki að ég sjái hana aldrei? Nei, áhrifin munu blasa við í hverri ferð á Selfoss eða fram í sveit. Könnunin er mjög gölluð, vegna fæðar er enginn vandi að vita hver svarar hverju. 3 kannanir í eitt umslag! Aldur, kyn gefið upp. Svo er kortið út af fyrir sig illa unnið. Villur í nöfnum og af hverju í ósköpunum eru ekki allir bæir inn á? Auk þess eru margir íbúar sem fengu ekki þessa könnun, það er staðfest.</p>
<p>Myndirnar sem sýna fyrir og eftir eru ekki raunsæjar, þ.e. eftir myndirnar t.d. er rennsli í Þjórsá neðan Viðeyjar sýnt nánast óbreytt sem er fráleitt og því virka þær mjög áróðurslegar. Spurningarnar eru sumar eins og þær leiti eftir áróðurs niðurstöðum t.d. þessi "bútun" á landslagi eftir mikilvægi eða "viðkvæmni".</p>
<p>Ég get ekki með nokkru móti merkt allt sem um var beðið inn á kortið. Til þess hefði þurft mörg eintök af kortinu, helst eitt fyrir hverja spurningu. Kortið nær ekki yfir allt það svæði sem telst til áhrifsvæðis framkvæmdarinnar (þarf að ná lengra til vesturs). Áhrifsvæðið er að mínu mati allir staðir þar sem sést til árfarvegarins og þar sem árniðurinn heyrir. Mér finnst mjög ótrúverðugt að það standi til að láta vatn renna um árfarveginn í því magni sem gefið er til kynna á myndunum.</p>
<p>Bý ekki mjög nálægt Þjórsá. Hef ekki mjög mikla skoðun.</p>
<p>Framkvæmdir á þessu svæði ættu að hafa jákvæð áhrif gagnvart ásýnd og aðgengi beggja vegna árinna. Opnar nýja möguleika í útivist bæði svæðið og á lóninu sjálfu.</p>
<p>Opinn farvegur mun valda sandfoki. Ónæði meðan á framkvæmdum stendur.</p>
<p>Minna vatn, meira sandfok, sérstaklega fyrir Árborg! Ónæði meðan á framkvæmdum stendur.</p>
<p>Mér er þungbært hvernig athugasemdir við þessi mál eru afgreiddar. Þau fáu og einsleitu svör sem eru gefin eru þau að þetta sé allt vitleysa sem maður gerir athugasemdir við og án nokkurs rökstuðnings. Við heima hjá mér viljum ekki þessa virkjun og teljum að hún skaði samfélagið og mökuleika þess auk óbætans tjóns á náttúru, ásýnd og landslag. Nú er kominn tími til að á okkur heimafólk sé hlustað, að umhverfismat sé meira en eitthvert formsatriðið og náttúran fái nú loksins að njóta vafans. Við mannfólkið erum hér tímabundið en landsþjóll sem þessi hafa meiri og varanlegri viðveru.</p>
<p>Það er gríðarlega erfitt og íþyngjandi að búa stöðugt við þessa ógn og upplifa æ ofan í æ að ekki sé á mann hlustað. Í mínum huga er óhugsandi að fara í þessar framkvæmdir þvert ofan í vilja íbúa næst þessu svæði. Ég upplifi kvíða og mikla vanlíðan vegna þessara mála og ég óttast mjög að þessari virkjun sem o.fl. verði troðið ofan í kokið á okkur. Í mínum huga hefur náttúra, umhverfi og landslag gildi í sjálfu sér - fyrir utan nú hvað það er mikilvæg fyrir sálarlíf fólks og ferðaþjónustu á svæðinu.</p>



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími: 515 90 00

